



Hvernig hljóma blöðin?

Um áherslur í tónlistarumfjöllun íslenskra dagblaða

Sunna Þrastardóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hvernig hljóma blöðin?
Um áherslur í tónlistarumfjöllun íslenskra dagblaða

Sunna Þrastardóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku
Leiðbeinandi: Þorbjörn Broddason

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Sunna Prastardóttir 2013

Reykjavík, Ísland 2013

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvort mismunur væri í tónlistarumfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðins. Tónlistarumfjöllun beggja blaða var innihaldsgreind tímabilin janúar 2007 og janúar 2013. Tónlistargreinar voru meðal annars flokkaðar eftir stærð, tegund tónlistar, hvort kynið var til umfjöllunar, tegund umfjöllunar og þjóðerni tónlistarmanns. Meginniðurstöður rannsóknarinnar voru þær að þó nokkurn mun er að finna á tónlistarumfjöllun dagblaðanna. Morgunblaðið leggur mesta áherslu á að fjalla um klassíska tónlist sem er 39% af tónlistarumfjöllun en Fréttablaðið fjallar oftast um popptónlist eða í 38% tónlistargreina. Bæði blöðin leggja mesta áherslu á að fjalla um tónleika, hvort sem um er að ræða tilkynningar eða gagnrýni. Slúður er 20% af tónlistargreinum Fréttablaðsins en slúður mældist einungis 1% af tónlistarumfjöllun í Morgunblaðinu. Í um helming allra tónlistargreina koma bæði kynin við sögu. Tónlistargreinar þar sem konur koma einar við sögu eru einungis 4% allra tónlistarumfjöllunar. Karlmenn koma einir við sögu í um 40% tilfella.

Abstract

The objective of this study was to find out whether music related coverage differed between two Icelandic newspapers; Morgunblaðið and Fréttablaðið. Content analysis of music related coverage in both newspapers was carried out for two separate periods, January 2007 and January 2013. Music articles were categorized by size, music genre, the musician's gender, type of coverage and musician's nationality. The main results suggest that music related coverage in those newspapers differs somewhat. Morgunblaðið emphasizes classical music, which covers 39% of music coverage, while the main focus at Fréttablaðið is on pop music, which is 38% of all music articles. Concert coverage is the largest part of both newspapers' music coverage, whether it is a concert announcement or a review. Gossip takes up 20% of music articles in Fréttablaðið but only 1% of music coverage in Morgunblaðið. Both genders are mentioned in about half of all music articles. Those music articles which only featured women, were a mere 4% of total music coverage. 40% of all music articles only featured men.

Formáli

Ritgerð þessi er fræðilegur þáttur lokaverkefnis til meistaraþráðu í blaða- og fréttamennsku í Félags- og mannvísindadeild við Háskóla Íslands. Lokaverkefnið í heild er 30 einingar og skiptist jafnt í 15 eininga fræðilegan hluta og 15 eininga verklegan hluta.

Verklegi hluti lokaverkefnisins er heimildarmynd þar sem skyggnst er inn í dauðarokksenuna á Íslandi og ber heitið Dauðarokk fyrir byrjendur. Leiðbeinandi verklega hlutans er Brynja Þorgeirsdóttir.

Leiðbeinandi við gerð ritgerðarinnar, Þorbjörn Broddason, hlýtur sérstakar þakkir fyrir að sýna verkefninu mikinn áhuga og fyrir að vera snillingur í SPSS. Einnig vil ég þakka mömmu og Dreng Óla Þorsteinssyni fyrir að lesa yfir ritgerðina.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	9
1.1 Uppbygging ritgerðar	10
2. Fjölmiðlar og fræði.....	11
2.1 Dagskráráhrif.....	12
2.2 Konur og fjölmiðlar.....	13
2.3 Konur í tónlistarumfjöllun.....	14
2.4 Aðrar rannsóknir	15
2.5 Þjóðfélagsleg áhrif tónlistar	16
2.6 Fjárframlög ríkisins til tónlistariðnaðar.....	17
2.7 Tónlistariðnaður	18
2.8 Tónleikar	19
2.9 Menningarneysla Íslendinga	20
2.10 Menningartengd ferðaþjónusta.....	21
3. Aðferðir	23
3.1 Innihaldsgreining.....	24
3.2 Kostir og gallar innihaldsgreiningar.....	25
3.3 Úrtak.....	26
3.4 Flokkun tónlistargreina	28
4. Rannsóknarniðurstöður	33
4.1 Almennar niðurstöður	33
4.2 Innlandar og erlendar greinar	34
4.3 Tegund umfjöllunar.....	35
4.4 Fjöldi greina eftir tegund tónlistar.....	37
4.5 Konur í tónlistargreinum	42
4.6 Myndbirting.....	45
4.7 Samanburður við aðrar rannsóknir	46
5. Samantekt	48
5.1 Hvar eru konurnar?.....	50
5.2 Lokaorð	52
Heimildaskrá	54

Töflur

Tafla 1. Fjöldi tónlistargreina eftir fjölda og árum.....	33
Tafla 2. Stærð greina eftir fjölmiðlum í cm ²	34
Tafla 3. Lönd atburða til umfjöllunar	34
Tafla 4. Þjóðerni tónlistarmanns/hljómsveitar til umfjöllunar	34
Tafla 5. Tónlistartegundir sem minna er fjallað um eftir fjölda	41

Myndir

Mynd 1. Hlutur mismunandi atvinnugreina í landsframleiðslu 2003	17
Mynd 2. Tegund umfjöllunar eftir blöðum	35
Mynd 3. Tegund umfjöllunar í Morgunblaðinu	36
Mynd 4. Tegund umfjöllunar í Fréttablaðinu	36
Mynd 5. Meðalstærð greina eftir flokkum í cm^2	37
Mynd 6. Tegund tónlistareftri blöðum	38
Mynd 7. Umfjöllun eftir tegund í Morgunblaðinu	38
Mynd 8. Umfjöllun eftir tegund í Fréttablaðinu	39
Mynd 9. Tónlistartegundir í Morgunblaðinu eftir árum	40
Mynd 10. Tónlistartegundir í Fréttablaðinu eftir árum	40
Mynd 11. Meðalstærð tónlistargreina (cm^2) eftir tegund og blöðum	41
Mynd 12. Heildar kynjahlutfall í báðum blöðum	43
Mynd 13. Kynjahlutfall í tónlistarumfjöllun Morgunblaðsins	44
Mynd 14. Kynjahlutfall í tónlistarumfjöllun Fréttablaðsins	44
Mynd 15. Vægi kynja eftir tónlistartegundum af heildarumfjöllun blaða	45
Mynd 16. Myndbirting í báðum blöðum	46

1. Inngangur

Ljóst var frá byrjun að þessi rannsókn myndi tengjast tónlist, þar sem bakgrunnur höfundar liggur á því sviði. BA ritgerð rannsakanda, sem hann skrifaði í hljóðblöndunar námi, fjallaði um hver áhrif efnahagskreppunar, sem reið yfir þjóðina árið 2008, væri á íslenskt tónlistarlíf, svo áhugi á íslensku tónlistarlífi hefur lengi verið til staðar hjá höfundi. Eftir að hafa lesið meistararitgerð Eyrúnar Evu Haraldsdóttur um birtingarmyndir íslenskrar listmenningar í dagblöðum varð rannsakanda ljóst hvert efni þessa verkefnis skyldi vera.

Í ritgerð sinni innihaldsgreinir Eyrún menningarsíður tveggja stærstu dagblaða á Íslandi, Morgunblaðsins og Fréttablaðsins, yfir mánaðar tímabil árið 2012. Í rannsókninni greinir hún 416 menningartengdar greinar og kemst að þeirri niðurstöðu að flestar greinar sem birtast á menningarsíðum þessara tveggja dagblaða snúist um tónlist. Af menningarumfjöllun Fréttablaðsins var hlutfall tónlistar rúm 38% og í Morgunblaðinu var tónlistarumfjöllun rúm 40% af menningarumfjöllun. Samtals birtust 93 tónlistargreinar í Morgunblaðinu og 72 í Fréttablaðinu (Eyrún Eva Haraldsdóttir, 2012). Þessar tölur vöktu forvitni um hvers konar tónlistargreinar væri að ræða.

Þegar popp- og rokktonlistin voru að ryðja sér til rúms hér á landi um miðbik síðusta aldar, gætti þó nokkurrar tregðu hjá fjölmiðlum að fjalla um þessar tegundir tónlistar. Ríkisútvarpið taldi það ekki vera sína skyldu að útvarpa slíkri tónlist þegar fyrst bar á henni. Á stríðsárunum jókst áhugi á popptónlist til muna með fjölgun dansstaða og hljómsveita og í kjölfar þess fór Ríkisútvarpið í vaxandi mæli að spila popplög á milli lesinna þátta (Gestur Guðmundsson, 1990).

Gestur Guðmundsson (1990) segir að þegar rokkæðið barst til Íslands, hafi íslensk æska ekki getað reitt sig á íslenska fjölmiðla til að fá áreiðanlegar fréttir af rokkfárinu, því líkt og í erlendum fjölmiðlum var rokkinu yfirleitt lýst sem einhverskonar unglíngaveiki. Fréttir af rokki fóru ekki að berast til Íslands fyrr en um 1956 þegar Elvis var orðinn vel þekktur, en þær fréttir einkenndust af hæðni og var rokkfárinu meðal annar líkt við æði sértrúarsöfnuða. Eins og við var að búast heyrðist sárasjaldan rokktonlist í Ríkisútvarpinu og þurftu unglíngar sem vildu hlusta á rokktonlist að reiða sig á kanaútarpið.

Á þessu hefur orðið mikil breyting og í dag helga margar útvarpsstöðvar sig popptónlist og

úttvarpsþættir margra stöðva spila einungis rokktónlist. Á hverjum degi birtast tónlistargreinar af ýmsu tagi á síðum blaðanna og snúa þær oft en ekki að popptónlist. En ætli einhverjum tónlistartegundum sé gert hærra undir höfði en öðrum og leggja dagblöðin áherslu á sömu mál? Rannsóknarspurningin er því hvort munur sé á tónlistarumfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðsins? Athugað verður hvaða tónlistartegundir eru mest áberandi hjá þessum blöðum og hvers konar tónlistarumfjöllun er um að ræða. Einnig verður athugað hvort einhver breyting sé sjáanleg í tónlistarumfjöllun blaðanna fyrir og eftir efnahagskreppu og kynjahlutföll í tónlistargreinum verða rannsökuð svo dæmi séu tekin.

1.1 Uppbygging ritgerðar

Í 2. kafla ritgerðarinnar er fjallað um þróun kenninga um áhrif fjölmiðla, fjallað er um kenningu þeirra Shaw og McCombs um dagskráráhrif og hvernig hún hefur þróast frá því hún var fyrst sett fram snemma á áttunda áratuginum. Þá verður fjallað um nokkrar erlendar rannsóknir á tónlistarumfjöllun í dagblöðum og einnig verður í því samhengi fjallað um stöðu kvenna í fjölmiðlum. Í kaflanum verður jafnframt stiklað á stóru hvað varðar þjóðfélagsleg áhrif tónlistariðnaðarins, tónlistarneysla Íslendinga verður skoðuð sem og plötusala. Í lok kaflans verður örstutt fjallað um menningartengda ferðaþjónustu þar sem tónlist spilar stórt hlutverk. Í 3. kafla er fjallað um þær aðferðir sem beitt var við gerð rannsóknarinnar. Gerð er grein fyrir mun megindlegra og eigindlegrar rannsóknaraðferða og innihaldsgreiningu er lýst sem og kostum hennar og göllum. Tegund úrtaksins er lýst og útskýrt er með hvaða hætti tónlistargreinar voru flokkaðar. Gerð er grein fyrir niðurstöðum með tilheyrandi myndum og töflum í 4. kafla. Fimmti kafli er helgaður samantekt og lokaorðum.

„Það er ekki frétt ef hundur bítur mann, en það er frétt ef maður bítur hund,“ er ein af ótal mörgum skilgreiningum á hugtakinu frétt. Randall (2011) segir að ýmislegt þurfi að vera til staðar í frétt til að hún geti talist vera frétt. Frétt er eitthvað sem er nýlegt og eitthvað sem fólk hefur ekki heyrt áður. Frétt þarf einnig að vekja áhuga fólks. Þar sem í þessari rannsókn er ekki hægt að kalla alla þá tónlistarumfjöllun sem greind var til eiginlegra tónlistarfrétta verður hédan í frá notast við orðin tónlistargrein eða tónlistarumfjöllun.

2. Fjölmiðlar og fræði

Orðið fjölmiðill vísar til hvers kyns miðlunar sem nær til mikils fjölda fólks á sama tíma. Þetta getur átt við útvarp, sjónvarp, dagblöð, auglýsingaskilti, bækur, kvikmyndir og internetið svo eitthvað sé nefnt. Rannsóknarspurningarnar eru óteljandi þegar fjölmiðlar eru rannsakaðir, en dæmi um slíkar spurningar eru: „sýna kvikmyndir í dag meira ofbeldi en þær gerðu fyrir áratugi síðan?“,“ eða „hvers konar auglýsingar vekja mesta athygli í blöðunum?“ (Wimmer & Dominic, 2011).

Kaflinn um kenningar í bók Denis McQuail (2010) hefst á þversögn. Þar er fjallað um að það sé orðin nær almenn vitneskja að fjölmiðlar hafi áhrif á bæði skoðanir og hegðun almennings. Samt sem áður er það vandkvæðum háð að spá fyrir um hver áhrifin gætu orðið eða að sanna að fjölmiðlar hafi haft áhrif eftir einhvern ákveðinn atburð. Þrátt fyrir þessa óvissu varðandi áhrif fjölmiðla hafa þeir áhrif á almenning á hart nær hverjum degi með einhverju móti. Við lesum veðurspána og klæðum okkur samkvæmt henni, við förum í kvikmyndahús því við sáum auglýsingu um nýja mynd í blaðinu eða hættem að kjósa ákveðinn stjórnmálaflokk vegna þess að upp komst um hneyksli innan flokksins sem við heyrðum af í útvarpsfréttum.

Ýmsar kenningar hafa verið settar fram um áhrif fjölmiðla síðan rannsóknir á sviðinu hófust. Margar af fyrstu kenningunum voru kallaðar flæðiskenningar (e. *flow theories*) og gengu út á það að rannsaka hvernig áhrifin flæddu frá fjölmiðlum til neytenda. Ein af þessum kenningum var byssukúlukenningin sem svo var nefnd og kom fram á millistríðsárunum. Sú kenning fjallaði um að fjölmiðlar hefðu mikil og bein áhrif á neytendur. Auðveldast er að lýsa byssukúlukenningunni þannig að ef einstaklingur horfir á ofbeldismyndir verður hann ofbeldisfullur. Erfitt reyndist að færa sönnur á þessi beinu áhrif og færðu rannsakendur sig því á nýjar slóðir (Adler & Rodman, 2003).

Önnur kenning um áhrif fjölmiðla er kenningin um lærða félagslega hegðun, sem eins og gefur að skilja gengur út á að einstaklingar læri af hegðun annarra. Kenningin vakti fyrst athygli þegar Albert Bandura gerði tilraun á leikskólabörnum á sjöunda áratug síðustu aldar. Börnunum var skipt í tvo hópa. Annar hópurinn horfði á myndband sem sýndi fullorðinn mann ráðast á trúðinn Bóbó, sem var stór brúða sem reisti sig við ef henni var velt um koll. Eftir að maðurinn hafði ráðist á trúðinn fékk hann verðlaun. Hinn hópur leikskólabarnanna sá hins vegar árásarmanninn vera skammaðan eftir að hafa gengið í skrokk á trúðnum. Eftir að

hafa horft á myndbandið gafst börnunum svo kostur á að leika við trúðinn Bóbó. Kom þá í ljós að þau börn sem sáu árásmanninn fá verðlaun fyrir athæfi sitt urðu árásgjarnari við trúðinn en börnin úr hinum hópnum. Þó svo að þessar niðurstöður séu þýðingamiklar er erfitt að heimfæra eitthvað sem gert er í vernduðu umhverfi á tilraunarstofu yfir í daglegt líf, því mannfólkið er jafn misjafnt og það er margt og öll erum við misjafnlega áhrifagiörn þegar kemur að fjölmiðlum (Adler & Rodman, 2003).

2.1 Dagskráráhrif

Í seinni tíð hafa fræðimenn víkkað sjóndeildarhringinn og vilja meina að áhrif fjölmiðla séu yfirleitt háð blöndu af því hvernig við fáum skilaboðin og fólkinu í kringum okkur (Adler & Rodman, 2003). Ein af þessum kenningum er sú sem fjallar um dagskráráhrif og kom fram á áttunda áratugnum. Kenningin var sett fram af þeim Maxwell E. McCombs og Donald L. Shaw með það að markmiði að lýsa fyrirbæri sem bar mest á í aðdraganda kosninga. Kenningin um dagskráráhrif gengur út á það að fjölmiðlar eða fréttamiðlar ákveði hver helstu mál dagsins séu, sem svo rata á síður blaðanna, og í fréttatíma sjónvarps og útvarps. Þar sem þessi mál eru þar með orðin aðgengileg almenningi telur hann þau einnig vera mikilvægustu mál dagsins, eða eins og einhver komst svo snilldarlega að orði: „Fjölmiðlar segja okkur ekki hvað við eigum að hugsa heldur um hvað við eigum að hugsa“ (McQuail, 2010, 512). Önnur útskýring á dagskráráhrifum er sú að fjölmiðlar breyti ekki endilega sýn okkar á eitthvað ákveðið málefni, en þeir geta breytt skynjun okkar á því hvað við teljum mikilvægt og hvað ekki (Adler & Rodman, 2003).

Þó svo að kenningin um dagskráráhrif hafi upphaflega verið sett fram til að lýsa umfjöllun fjölmiðla um stjórnmál, á kenningin við sama hvert umfjöllunarefnið er. Ef fjölmiðlar beina ekki sjónum sínum að einhverju máli, sama hvert það er, veit almenningur oft á tíðum ekki að það sé til staðar. Dagskráráhrif gera einnig vart við sig hjá þeim sem sitja við stjórnvölinn í samfélaginu. Um leið og eitthvert mál fær mikla athygli fjölmiðla og breiðist út um samfélagið getur það haft áhrif á, og jafnvel breytt, stefnu stjórnvalda (Adler & Rodman, 2003).

Upphaflega kenningin um dagskráráhrif fjölmiðla hefur breitt úr sér og þróast frá því hún var fyrst sett fram. Mörghundruð rannsóknir með kenninguna að leiðarljósi hafa verið framkvæmdar utan Bandaríkjana þar sem kenningin átti upptök sín. Þar má nefna Evrópu, Asíu, Suður-Ameríku og Ástralíu. Vegna útbreiðslu kenningarinnar, þróunar hennar og nýrrar

tækni í fjölmiðlaheiminum talar McCombs (2005), annar upphafsmaður kenningarinnar, um nýjan vettvang rannsókna á dagskráráhrifum, bæði í fjölmiðlum og á öðrum stöðum samfélagsins. Uppgang og vinsældir NBA deildarinnar í körfubolta á síðari hluta síðustu aldar má til að mynda rekja til dagskráráhrifa að einhverju leyti. Þá voru leikir bestu liðanna og vinsælustu leikmannanna settir á dagskrá sjónvarpsstöðva á besta tíma, sem þar af leiðandi jók mikilvægi þeirra í augum áhorfenda. Þetta átti þátt í því að tekjur deildarinnar jukust umtalsvert og fleiri áhorfendur mættu á leiki. Tímabilið 1969-1970 mættu 4,3 milljónir áhorfenda á pallana hjá 14 liðum. Þremur áratugum síðar, tímabilið 1999-2000 voru liðin orðin 29 og áhorfendurnir um 20 milljónir.

Dagskráráhrif hafa einnig verið rannsökuð utan fjölmiðla, til að mynda í kennslustofum. Kennarinn ákveður að fjalla um tiltekið efni og sleppir því að fjalla um eitthvað annað. Þannig verður efnið sem kennarinn fjallar um mikilvægara í augum nemenda en annað efni sem kennarinn fjallar lítið eða ekkert um. Sama má segja um dagskráráhrif í skipulögðum trúfélögum. Þá mætir söfnuðurinn í kirkju og hlustar á prestinn og tekur það sem hann talar um gott og gilt (McCombs, 2005).

Ef við skoðum kenninguna um dagskráráhrif með tónlistarfréttamennsku í huga, getum við ímyndað okkur að ef fjölmiðill fjallar til að mynda mikið um klassíska tónlist, gæti almenningur talið þá tegund tónlistar njóta meiri hylli en aðrar tegundir. Annað dæmi væri að ef fjölmiðlar fjölluðu því sem næst ekkert um konur í tónlistarheiminum, gæti almenningur ef til vill ekki áttað sig á því að fjölmargar konur lifa og hrærast í þeim heimi.

2.2 Konur og fjölmiðlar

Önnur bylgja kvennahreyfingarinnar, sem hófst í byrjun 7. áratugarins í Bandaríkjunum og Evrópu er talin hafa markað upphaf nútíma fræðastarfs femínista. Frumkvöðlar femínískra rannsókna bentu á að í rannsóknum á sviði félagsvísinda hefði sjónum of mikið verið beint að karlmönnum og niðurstöður rannsókna alhæfðar út frá reyngsluheimi þeirra (Rannveig Traustadóttir, 2003). Þó svo að þessi rannsókn sé ekki femínísk nema að hluta, hefur hún ýmsa eiginleika femínískra rannsókna. Rannsakandi mun í einhverjum mæli beita femínísku sjónarhorni með það í huga að rannsaka hlutfall kvenna í tónlistarumfjöllun tveggja dagblaða á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Hér að neðan verður einnig gerð grein fyrir ýmsum rannsóknum þar sem rannsakendur hafa beitt svipuðu sýningarhorni með því að afhjúpa skertan hlut kvenna í umfjöllun fjölmiðla, en eitt af því sem femínistar leggja sig fram við að gera er

að benda á karlmiðlægni samfélagsins og áhrif þess á almenning (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Fyrstu fimm árin sem fréttastofa Ríkissjónvarpsins starfaði, var ekki talað við eina einustu konu í fréttunum og fóru þær fyrst að birtast á skjám landans árið 1971. Árið 1986 var hlutfall kvenviðmælanda í fréttum orðið 13%. Þróunin síðan þá hefur verið hæg og þó að hlutfall kvenna í fréttum hafi aukist er það enn langt undir hlutfalli karla nú tæpum þremur áratugum síðar (Eygló Árnadóttir, Valgerður A. Jóhannsdóttir, Þorgerður Einarsdóttir, 2010).

Á undanförunum árum hafa ýmsar rannsóknir verið gerðar til að mæla hlutfall kynjanna í fjölmiðlum. Árið 1998 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, nefnd um konur og fjölmiðla í samstarfi við Skrifstofu jafnréttismála. Nefndin innihaldsgreindi meðal annars efni þriggja dagblaða eina viku í janúar 1999. Af 2.633 fréttum var rúmur helmingur fréttanna greindur sem hlutlaus, þ.e.a.s. hvorki var að finna karla- né kvennaslagsíðu. Af óhlutlausum fréttum var í kringum ein kvennafrétt á móti hverjum þremur karlafréttum (Nefnd um konur og fjölmiðla, 2001). Rúmum áratug síðar tók Ísland þátt í alþjóðlegri fjölmiðlavöktun ásamt 107 öðrum löndum. Í þeirri vöktun voru greindar fréttir í öllum helstu fréttamiðlum landsins. Í þeirri greiningu kom í ljós að viðmælendur í fréttum voru í 28% tilvika konur, sem var þó hærra en hlutfalslegt meðaltal hinna landanna sem var þá í kringum 24%. Af Norðurlöndunum var Ísland með lægsta hlutfall kvenna en Noregur með hæsta hlutfallið eða 53% (Eygló Árnadóttir o.fl., 2010).

2.3 Konur í tónlistarumfjöllun

Mayhew (1999) bendir á að í tónlistarsögunni og þá sérstaklega rokksögunni hafi hlutverk kvenna takmarkast við að vera áhorfendur frekar en að semja tónlistina. Hún segir þetta koma bersýnilega í ljós í lista sem tónlistarblaðið Rolling Stone gerði yfir bestu plötur frá árunum 1950-1990. Á þeim lista voru plötur tónlistarkvenna einungis 10% af heildarfjölda og ef bætt var við þeim hljómsveitum sem innihéldu tónlistarkonur náði hlutfallið 20%. Annað sem Mayhew rannsakaði var hvernig orðræða gagnrýnenda breyttist oft á tíðum þegar fjallað var um plötur tónlistarkvenna. Í því samhengi bendir hún meðal annars á tvo plötudóma þar sem plötur Bjarkar Guðmundsdóttur voru teknar fyrir í erlendum tónlistartímaritum. Í einu blaðinu þar sem frumraun Bjarkar, Debut, (að undanskilinni plötunni Björk, sem kom út þegar hún var smástelpa) er gagnrýnd, segir eitthvað á þessa leið: „Björk hefur heillandi og villta rödd...en hversu mikið af áhrifum Debut er töfrafiingrum upptökustjóra hennar, Nellee Hooper

að þakka?“ Í tónlistarblaðinu Q Magazine birtist svipuð gagnrýni eftir að plata hennar Post kom út: „...fyrir utan röddina er breytileikinn og andrúmsloftið í plötum Bjarkar ekki henni að þakka...augljóslega verða plötur Bjarkar einungis jafn góðar og upptökustjórnir sem þær gera“ (Mayhew, 1999, 71).

Schmutz (2009) fjallar einnig örstutt um stöðu kvenna í tónlistarumfjöllun. Í fyrsta lagi nefnir hann að tónlistarkonur fái mun minni athygli fjölmiðla en karlkyns kollegar þeirra fá. Í öðru lagi nefnir hann að þegar tónlistarkonur ná athygli fjölmiðla sé útlit þeirra eða fjölskylduhagir oft í forgrunni fremur en tónlistin sjálf.

2.4 Aðrar rannsóknir

Tónlistarblaðamenn og gagnrýnendur eru veigamiklir milliliðir á milli tónlistarmanna og neytenda. Þessir blaðamenn skipa mikilvægt hlutverk í að skapa umræðu í samfélaginu um tónlist og eru viðurkenndir af tónlistariðnaðinum sem nauðsynlegur liður í því að auglýsa tónlist. Tónlistarblaðamenn, líkt og aðrir blaðamenn, eru hluti af stærra batterí sem er miðillinn sjálfur og hefur það megintakmark að græða. Tónlistarblaðamenn þurfa því að skrifa um efni sem höfðar til sem flestra lesenda og þurfa oft að bíta í það súra epli að skrifa um tónlist sem þeim sjálfum þykir drepleiðinleg (Nunes, 2004).

Fáir rannsakendur hafa beint sjónum sínum að tónlistarumfjöllun dagblaða, þó margar rannsóknir hafi verið gerðar á tónlistargagnrýni, stöðu kvenna í tónlistarheiminum og áhrifum popptónlistar á ungmenni, svo dæmi séu tekin. Ein slík rannsókn var þó framkvæmd, þar sem greind var tónlistarumfjöllun nokkurra stórra dagblaða í Bandaríkjunum, Frakklandi, Þýskalandi og Hollandi. Rannsakendur í þeirri rannsókn greindu innihald tónlistarumfjöllunar í fjögur skipti yfir fimmtíu ára tímabil: 1955, 1975, 1995 og 2005. Í rannsókninni var fjöldi greina talinn, stærðin á greinunum var mæld, greinarnar voru flokkaðar eftir tegundum tónlistar og kynjahlutfall var einnig mælt. 3311 fréttir voru alls greindar í rannsókninni (Schmutz, 2009).

Í öllum löndunum sem rannsóknin náði til hríðféll umfjöllun um klassíska tónlist frá upphafi rannsóknarinnar 1955 til enda hennar 2005. Í Hollandi fór umfjöllun um klassíska tónlist úr því að vera 83% af allri tónlistarumfjöllun árið 1955 í það að vera einungis um þriðjungur umfjöllunar hálfri öld síðar. Að sama skapi hækkaði umfjöllun um popptónlist í öllum löndunum sem rannsóknin náði til. Mesta stökkið var í Bandaríkjunum en þar fór popptónlist

úr því að vera um 9% af tónlistarumfjöllun árið 1955 í 58% hálfri öld síðar (Schmutz, 2009).

Á meðan hlutfall popptónlistar jókst til muna í þessum löndum, lækkaði, í flestum tilvikum, hlutfall kvenna í tónlistarumfjöllun. Mest var lækkunin í Frakklandi, en árið 1955 voru konur í aðalhlutverki í 27% tilvika en hálfri öld síðar var hlutfall kvenna í tónlistarumfjöllun einungis 16%, sem þrátt fyrir lágt hlutfall var það hæsta sem mældist af löndunum fjórum árið 2005. Lægst var hlutfall kvenna af tónlistarumfjöllun í Hollandi eða rúm 7% árið 2005 (Schmutz, 2009).

Önnur svipuð rannsókn var gerð í Hollandi þar sem fjögur hollensk dagblöð voru innihaldsgreind frá 1965 og svo fimmta hvert ár þar til árið 1990. Í þeirri rannsókn var fjöldi menningarsíðna talinn og fréttunum svo skipt upp í 9 mismunandi flokka menningar; svo sem bókmenntir, klassísk tónlist, popptónlist, leikhús og dans. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að menningarsíðum fjölgaði til muna eða úr 92 síðum árið 1965 í 207 árið 1990. Hafa ber þó í huga að á þessu tímabili fóru dagblöð ört stækkandi þannig að hlutfallslega varð engin breyting og stóð hlutfall menningarsíðna í dagblöðum því í stað yfir 25 ára tímabil í 11% (Janssen, 1999).

Bókmenntir var sá flokkur sem mest var fjallað um á menningarsíðum blaðanna öll árin að undanskildu árinu 1970, þegar meira var fjallað um bæði klassíska tónlist, sem og sjónlistir. Öll hin árin var umfjöllun um bókmenntir í kringum fjórðungur af menningarsíðum blaðanna. Umfjöllun um klassíska tónlist var hvað mest þetta sama ár, þegar um fimmtungur menningarsíðna var lagður undir þann flokk. Lægst mældist hlutfallið árið 1990 þegar klassísk tónlistarumfjöllun var 10% af heildar menningarumfjöllun. Fjallað var mest um popptónlist árið 1980 þegar um 16% af menningarsíðum blaðanna fóru undir þann flokk. Minnst var fjallað um popptónlist árið 1965 þegar sú tegund tónlistar fékk einungis 6% af menningarsíðum blaðanna (Janssen, 1999).


2.5 Þjóðfélagsleg áhrif tónlistar

Í bókinni *Hagræn áhrif tónlistar* er menning skilgreind sem „mannleg hegðun sem flyst milli kynslóða og mótast fyrst og fremst af reynslu margra kynslóða.“ Þar segir jafnframt að „menning lýsi, skapi, varðveiti og miðli tilfinningum og umhverfi mannlegs samfélags. Það gerist í máli, trú, hugmyndum, venjum, list og íþróttum eða aðra vegu (Ágúst Einarsson, 2012, 12). Menning skipar stóran sess í hagkerfi Íslendinga og spilar tónlist þar mikilvægt

hlutverk.

Hægt er að reikna út hversu mikla hlutdeild menning hefur í hagkerfinu með því að líta á hversu miklu einstakir hlutar hennar skila til landsframleiðslunnar. Árið 2000 mældist hlutdeild menningar í hagkerfi okkar um 3,75% af landsframleiðslu. Af einstökum menningarþáttum skiluðu prentverk og útgáfa mestu eða um 1,36%. Sá menningarþáttur sem skilar næst mestu í þjóðarbúið eru listamenn, meðal annars tónlistarmenn, sem skila 0,74% í búið. Í þriðja sæti situr svo útvarp og sjónvarp með 0,48% af landsframleiðslu (Ágúst Einarsson, 2012, 16).

Árið 2003 hafði hlutur menningar til landsframleiðslu hækkað og var orðinn 4% af landframleiðslu. Þó svo að 4% virðist ef til vill ekki svo mikið þá er ágætt að setja það í samhengi við það hversu miklu aðrar atvinnugreinar skiluðu til landsframleiðslunnar sama ár.



Mynd 1. Hlutur mismunandi atvinnugreina í landsframleiðslu árið 2003

Hér að ofan má sjá að hlutur menningar í landsframleiðslu er meiri en hlutur rafmagns- hita- og vatnsveitna sem skila 3,4% í búið. Hlutur menningar er einnig meiri en hlutur ál- og kísilframleiðslu og landbúnaðar til samans sem skiluðu um 2,7% til landsframleiðslu árið 2003 (Ágúst Einarsson, 2012, 17).

2.6 Fjárframlög ríkisins til tónlistariðnaðar

Árið 2002 fór rúmur fimmtungur fjárveitinga menntamálaráðuneytisins í menningarmál eða

sem samsvarar 5,9 milljörðum. Um þriðjungur af þessum tæpu 6 milljörðum fór til Ríkisútvarpsins sem fékk yfir 2 milljarða það ár, en þær greiðslur voru fjármagnaðar með afnotagjöldum. Næst stærsti hlutinn fór til menningararfs, en til þess teljast til dæmis Þjóðminja- og Þjóðskjalasöfn Íslands. Hlutur til tónlistariðnaðar var rúmlega 400 milljónir króna og af þeim fór 371 milljón til Sinfóníuhljómsveitar Íslands (Ágúst Einarsson, 2012, 45).

Í úttekt sem gerð var á hlutfalli opinberra útgjalda til menningarmála í 48 löndum árið 2002 má sjá að Ísland er þar efst á blaði. Það ár var 6,5% af heildarútgjöldum hins opinbera varið í menningarmál. Fast á hæla Íslands er Íran sem árið 2003 varði 6,45% opinberra útgjalda til menningarmála. Í þessu tilviki eiga opinber útgjöld til dæmis við um útgjöld til íþróttá og trúmála. Neðst á listanum var Costa Rica sem árið 2003 varði 0,76% af heildargjöldum hins opinbera til menningarmála. Í skýrslunni setur Ágúst Einarsson fram þá fullyrðingu sem hann að lokum sannar að stjórnvöld í fámennari ríkjum verji meira til menningarmála en stjórnvöld fjölmennari ríki. Hann telur að stjórnvöld fjölmennari ríkja hafi minni áhyggjur af menningarmálum vegna þess að með fjölmenni og stærð tryggist ákveðin fjölbreytni (2008).

2.7 Tónlistariðnaður

Ýmislegt hefur breyst í íslenskri plötuútgáfu síðan Pétur Á. Jónsson söng fyrstur Íslendinga inn á hljómplötu árið 1910 í Kaupmannahöfn. Vínýlplatan tók ýmsum breytingum á 20. öldinni þangað til geisladiskurinn tók við af henni á 9. áratugnum. Eftir að geisladiskurinn kom á markað stigmagnaðist sala á hljómplötum en það var hljómsveitin Mezzoforte sem reið á vaðið og sendi frá sér geisladisk fyrst íslenskra sveita, síðla árs 1986, með plötunni No Limits. Upp úr aldamótum var farið að selja tónlist á internetinu og sumarið 2003 var tónlistarveitan tónlist.is opnuð, sem bauð viðskiptavinum sínum upp á íslenska tónlist gegn vægu gjaldi. Þar gátu viðskiptavinir valið úr 20.000 íslenskum lögum en nokkrum árum síðar voru þau orðin 50.000. Árið 2009 bættust erlend lög í safnið og nú telur safnið rúm 2.500.000 lög af ýmsum toga. Heimasíðan Grapewire var sett í loftið árið 2007 sem og Gogoyoko og voru þar með íslensk netfyrirtæki sem buðu upp á íslenska tónlist orðin þrjú (Jónatan Garðarsson & Arnar Eggert Thoroddsen, 2009).

Frá aldamótum hafa verið gefnir út um 200 titlar af tónlist ár hvert. Fjöldi útgefna titla var hæstur árið 2005, en þá voru titlarnir 251. Síðan þá hefur dregið úr útgáfu og árið 2008 voru útgefna titlar 218, mestmegnis geisladiskar. Lang stærstur hluti af útgefna efni er popptónlist, en árið 2008 voru 76% af öllu útgefna efni slík tónlist. Það ár var hluti klassískrar tónlistar,

ljóða- og kórsöngva 15%, jass/bræðingur var þriðja mest útgefna tónlistartegundin með einungis 4% af útgefnu efni. Þjóðlög og andleg tónlist voru með 1% hlutdeild hvor og 3% útgefins efnis var flokkað undir annað (Hagstofa Íslands, á.á. -a).

Hvað sölu hljóðrita varðar jókst smásala geisladiska úr 1,3 milljörðum króna árið 1991 í um 1,4 milljarða 2001 og fór á þessu tímabili hæst árið 1999 þegar tekjur af smásölu geisladiska voru 1,7 milljarðar. Síðan þá hefur samdráttur orðið í sölu geisladiska sem má að einhverju leyti rekja til auðvelds aðgangs tónlistar á internetinu (Ágúst Einarsson, 2012). Á vef Hagstofunnar má sjá hvernig þessi sala hefur dregist saman. Þar má sjá að flestir geisladiskar seldust árið 1999, eða alls um 855.000 stykki. Fjöldi seldra eintaka minnkaði svo jafnt og þétt þangað til árið 2005 þegar þeim fjölgaði aftur og seldust það ár 820.000 hljóðrit. Síðan þá hefur fjöldi seldra eintaka hriðfallið og árið 2010 voru einungis seld 337.000 stykki (Hagstofa Íslands, á.á. -b).

Á tímabilinu 1991 til 2001 jókst sala innlendra geisladiska umtalsvert samanborið við erlenda selda titla. Árið 1991 var hlutur innlendra seldra hljóðrita einungis 32% á móti 68% seldra erlendra titla. Tveimur áratugum síðar seldust 301.000 innlend hljóðrit á móti 78.000 erlendum, eða 79% íslenskir titlar og 21% erlendir (Hagstofa Íslands, á.á. -b). Auðveldara er að sækja erlenda titla af internetinu, ókeypis, en íslenska, og má leiða að því líkum að það hafi sitt að segja í fækkun á seldum erlendum titlum.

2.8 Tónleikar

Fjöldinn allur af tónleikum er haldinn hér á landi ár hvert. Árið 1995 voru haldnir um 1.385 tónleikar hér á landi. Áratugi síðar náði fjöldi tónleika hámarki hér á landi síðan mælingar hófust, en þá voru þeir 2.371, en síðan þá hefur þeim fækkað. Tölur frá 2009 sýna að það ár voru tónleikar hér á landi 1.841. Þegar fjöldi tónleika er skoðaður eftir tónlistartegund kemur ýmislegt athyglisvert í ljós. Árið 1995 voru klassískir tónleikar 66% af heildarfjölda tónleika, en þjóðlaga-, jass- og popptónleikar einungis tæp 20%. Það ár flokkast 14% af tónleikahaldi undir aðra tónlistarviðburði. Frá 1995 til 2009 dró úr fjölda klassískra tónleika umtalsvert á meðan fjöldi þjóðlaga-, jass- og popptónleika jókst gífurlega. Árið 2009 voru 585 klassískir tónleikar haldnir hér á landi sem er 32% af tónleikahaldi það ár. Á sama tíma var fjöldi þjóðlaga-, jass- og popptónleika 1.112 eða 61% af tónleikum árið 2009. Aðrir tónlistarviðburðir 2009 voru 7% (Hagstofa Íslands, á.á. -c).

Ef tónleikahald er skoðað eftir landsvæðum má sjá að meirihluti tónleikahalds fer fram á höfuðborgarsvæðinu en árið 1995 var 61% allra tónleika haldnir á því svæði. Fjöldi tónleika á höfuðborgarsvæðinu jókst örlítið miðað við á landsbyggðinni næstu ár og árið 2009 voru þeir 65% af tónleikahaldi á landinu öllu. Á landsbyggðinni virðist ekki hafa verið nein umtalsverð breyting á fjölda tónleika eftir ákveðnum landshlutum, nema á Suðurnesjum. Árið 1995 var fjöldi tónleika þar 71 en árið 2009 voru þeir einungis 26 (Hagstofa Íslands, á.á. –c).

2.9 Menningarneysla Íslendinga

Haustið 2009 vann Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands símakönnun fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Niðurstöður könnunarinnar voru birtar í skýrslunni *Íslensk menningarvog: Könnun á menningarneyslu Íslendinga*. Í könnuninni var meðal annars spurt um þátttöku í hinum ýmsu menningarviðburðum, fjölmiðlanotkun og viðhorf svarenda til menningar (Andrea Dofradóttir, Ásdís A. Arnalds, Guðlaug J. Sturludóttir, Friðrik H. Jónsson, 2010).

Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu sótt tónleika að undanskildum skólatónleikum síðustu 12 mánuði, svöruðu tæp 60% aðspurðra játandi. Sá aldursflokkur þar sem flestir svöruðu játandi var aldursflokkurinn 50-59 ára, en af þeim þátttakendum höfðu 66% sótt tónleika. Þegar mælt var eftir kynjum kom í ljós að 64% kvenna svöruðu játandi en 52% karla. Þátttakendur könnunarinnar voru einnig spurðir hversu oft þeir hefðu sótt tónleika síðasta árið. Um þriðjungur kvaðst hafa farið einu sinni, 26% höfðu farið tvisvar, 21% þrisvar til fjórum sinnum og hlutfall svarenda sem fór fimm sinnum eða oftar á tónleika var rúm 23%. Sá aldursflokkur sem var hvað duglegastur að sækja tónleika var yngsti aldurshópurinn 18-29 ára, en tæp 38% svarenda á þeim aldri höfðu farið fimm sinnum eða oftar á tónleika (Andrea Dofradóttir o.fl., 2010).

Í sömu könnun voru svarendur spurðir að því hvaða tegund tónlistar hefði verið flutt á tónleikunum sem þeir sóttu. Langflestir eða 63% svarenda höfðu sótt popptónleika og tæp 42% klassíska tónleika. Tæpur fjórðungur svarenda hafði sótt tónleika þar sem flutt var kirkjutónlist og 18% fóru á jasstónleika. 28% svarenda sóttu tónleika sem flokkaðir voru undir annars konar tónlist en í þeim flokki eiga meðal annars rokk-, raf-, og jólatónlist heima. Svarendur máttu nefna fleiri en eina tegund tónlistar sem gerir það að verkum að samanlegt hlutfall er hærra en 100% (Andrea Dofradóttir o.fl., 2010).

Þátttakendur voru spurðir út í fjölmiðlanotkun sína og hvað það væri sem þeir sæktust helst eftir hjá fjölmiðlum og nefndu flestir fleiri en eina tegund efnis. Nær allir þátttakendur sóttust eftir fréttum og veðri eða rúm 93%. Rúm 88% af þátttakendum sóttust eftir fræðsluefni hjá fjölmiðlum, 87% eftir afþreyingu og skemmtun og fjórða vinsælasta efni sem þátttakendur leituðu eftir hjá fjölmiðlum var samfélagsefni og stjórnmál. Fimmti mest nefndi flokkurinn var flokkurinn um menningu og listir og fast á hæla þess flokks fylgdi tónlist sem rúm 55% svarenda sögðust sækjast eftir í fjölmiðlum. Notkun á internetinu var einnig skoðuð og svarendur spurðir til hvers þeir notuðu internetið og máttu þeir gefa fleira en eitt svar. Stærstur hluti notaði netið til að fá upplýsingar um menningarviðburði og 64% höfðu tekið þátt í samfélagsvef eins og til dæmis Facebook. Helmingur svarenda sagðist hafa notað netið síðustu 12 mánuði til að hlusta á eða hlaða niður tónlist (Andrea Dofradóttir o.fl., 2010).

Í könnuninni var einnig spurt um viðhorf til menningar og kom í ljós að flestir nefndu tímaskort sem aðalástæðu þess að þeir tækju ekki þátt í menningarviðburðum eða 62%. Næst flestir eða um helmingur nefndu áhugaleysi eða þreytu sem aðalástæðu og þriðja algengasta ástæða þess að svarendur tóku ekki þátt í menningarviðburðum var að kostnaður við þá var of hár. Svarendur voru þá beðnir um álit á því hvort þeim þætti of litlu opinberu fé varið til menningarmála í þeirra byggðarlagi og voru 38% svarenda sammála þeirri fullyrðingu en 62% svarenda voru frekar eða mjög ósammála fullyrðingunni. Einungis tæpur fimmtungur svarenda var frekar eða mjög ósammála þegar spurt var hvort þeir væru ánægðir með framboð af menningarviðburðum í þeirra byggðarlagi. Rúmur helmingur þátttakenda var frekar ánægður með framboðið og rúm 27% mjög ánægðir með framboð menningarmála (Andrea Dofradóttir o.fl., 2010).

2.10 Menningartengd ferðaþjónusta

Þann 5. nóvember 1999 skipaði þáverandi samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson nefnd um menningartengda ferðaþjónustu. Í ágúst 2001 gaf nefndin út skýrslu um það hvernig efla ætti þessa tegund ferðaþjónustu og í þeirri skýrslu er meðal annars að finna kafla um tónlist. Þar kemur fram að sá kraftur sem fyrirfinnst í íslensku tónlistarlífi hafi mikið gildi fyrir ferðaþjónustu, innlenda sem erlenda (Tómas I. Olrich, 2001).

Það fyrsta sem kemur upp í hugann hjá mörgum varðandi áhrif tónlistar á ferðaþjónustu, er allur sá fjöldi ferðamanna sem kemur hingað til lands ár hvert til að vera viðstaddur Iceland Airwaves sem hefur stækkað gífurlega undanfarin ár. Ekki má þó gleyma þeim aragrúa af

íslenskum tónlistarhátíðum sem fjöldinn allur af ferðamönnum sækir, innlendum og erlendum. Þessar hátíðir hafa mikið vægi fyrir lítil bæjarfélög, sem oft á tíðum eru vettvangur slíkra hátíða. Má þar til dæmis nefna þungarokkshátíðina Eistnaflug sem haldin er í Neskaupstað í júlí ár hvert. Fjöldi fólks í firðinum nær tvöfaldast þessa einu helgi sem hátíðin fer fram, sem hefur mikil áhrif á verslun og þjónustu ýmiss konar (Stefán Magnússon, skipuleggjandi Eistnaflugs, einkasamskipti, 10. apríl 2013). Aðrar svipaðar hátíðir sem laða að sér fjölmenni eru Bræðslan sem haldin hefur verið í Borgarfirði eystri síðan 2005 (Bræðslan, á.á.) og hin geysivinsæla tónlistarhátíð Aldrei fór ég suður, rokkhátíð alþýðunnar, sem var í ár haldin í 10. skipti, og fær fjölda fólks til að ferðast til Ísafjarðar um páskana (Rúna Esradóttir, 2013).

Iceland Airwaves er óneitanlega sú tónlistarhátíð hér á landi sem hefur hvað mest áhrif á ferðþjónustuna. Í október 2010 var gerð könnun af Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar til að athuga hvort munur væri á fjölda fólks á hátíðinni og eyðslu þess á milli árána 2005 og 2010. Erlendum gestum fjölgaði um þriðjung á milli 2005 og 2010 eða úr 1663 í 2215 og hlutfall erlendra gesta síðara árið var rétt innan við helmingur af heildarfjölda gesta. Heildareyðsla erlendra hátíðargesta fór úr 257 milljónum króna árið 2005 í 313 milljónir króna 2010 miðað við verðlag 2010 sem er hækkun upp á 22%. Nær allir erlendu gestanna eða 97,5% þeirra voru ánægðir eða mjög ánægðir með hátíðina og var um fimmtungur svarenda að koma á hátíðina í annað skiptið (Margrét S. Sigurðardóttir & Tómas Young, 2011).

3. Aðferðir

Ýmsar leiðir er hægt að fara til að fá svör við spurningum okkar og hafa þessar leiðir breyst í aldanna rás. Á miðöldum leituðu menn til kirkjunnar til að fá sín svör og flest allt var hægt að rekja til vilja guðs. Á 14. öld varð breyting á og sáu náttúrulögmálin þá um að svara spurningum fólks. Það var ekki fyrr en um miðja 19. öld að hugmyndir komu fram um að hægt væri að notast við vísindalegar aðferðir til að rannsaka félagslegan veruleika (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Rannsakendur dagsins í dag njóta góðs af þessari þróun og þurfa ekki lengur að leita svara hjá æðri máttarvöldum.

Í dag eru rannsóknir í félagsvísindum annaðhvort meginlegar eða eigindlegar. Á undanförunum árum hefur myndast ágreiningur á milli fræðimanna sem velja aðra aðferð umfram hina. Margir rannsakendur eru á þeirri skoðun að meginlegar rannsóknaraðferðir séu eina leiðin til að nálgast sannleikann og hafa aðferðirnar verið allsráðandi svo áratugum skiptir. Hinar eigindlegu aðferðir hafa hins vegar verið að sækja í sig veðrið innan félagsvísinda, sem þykir af hinu góða því ýmsum spurningum væri betur svarað með eigindlegum rannsóknum en meginlegum. Niðurstaðan er þess vegna sú að báðar rannsóknaraðferðir eru mikilvægar í rannsóknum hina ýmsu viðfangsefna félagsvísindanna (Wimmer & Dominic, 2011; Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Í þessari rannsókn verður notast við innihaldsgreiningu sem flokkast undir meginlega rannsóknaraðferð. Meginlegar rannsóknaraðferðir notast við tölulegar upplýsingar, sem meðal annars er hægt er að fá úr hinum ýmsu tegundum kannana, til dæmis síma- eða póstkönnunum. Þegar eigindlegum rannsóknaraðferðum er beitt er leitast við að fá dýpri innsýn í ákveðið viðfangsefni og er þá til dæmis notast við djúpviðtöl eða vettvangsathuganir. Sjaldnast er hægt að alhæfa rannsóknarniðurstöður eigindlegra rannsókna yfir á stærri hópa (Félagsvísindastofnun HÍ, á.á.). Í rannsóknum sem notast við eigindlegar aðferðir er yfirleitt mikil nánd á milli rannsakanda og viðfangsefnis til dæmis í djúpviðtölum. Þessi tækni reiðir sig þess vegna á samskipti einstaklinga. Minni eða engin nánd er á milli rannsakanda og viðfangsefna í meginlegum rannsóknum sem notast við kannanir eða innihaldsgreiningar (Kumar, 2011). Annar munur á meginlegum og eigindlegum aðferðum er það hvernig úrtök eru fengin fyrir rannsóknina. Í meginlegum rannsóknum er úrtakið fengið með óhlutdrægum aðferðum og þarf að geta gefið góða mynd af þýðinu svo rannsóknin hafi alhæfingargildi. Úrtök í rannsóknum sem notast við eigindlegar aðferðir eru fengin eftir hentugleika. Ef

rannsakandi þekkir til dæmis til einstaklings sem veit mikið um rannsóknarefnið er ekkert sem bannar rannsakandanum að ræða við þann aðila (Kumar, 2011).

Sigurlína Davíðsdóttir (2003) talar um að í meginlegum rannsóknum séu fjórir þættir sem geti sagt til um gæði rannsóknarinnar. Þættirnir eru innra og ytra réttmæti, áreiðanleiki og hlutlægni. Með innra réttmæti er átt við það hvort niðurstöður rannsóknarinnar hafi svarað spurningunum sem lagt var upp með í upphafi rannsóknarinnar nægilega vel. Ytra réttmæti varðar það hvort hægt sé að alhæfa rannsóknarniðurstöðurnar yfir á annan hóp eða aðrar aðstæður. Ef ytra réttmæti næst eykur það gæði rannsóknarinnar til muna. Þriðji þátturinn sem eykur gæði meginlegra rannsókna er að mælitækin séu áreiðanleg. Með því er átt við að ef sami hluturinn væri mældur oftari en einu sinni ætti sama niðurstaðan að fást í hvert skipti. Að lokum þarf hlutlægni rannsakandans að vera til staðar.

Þó svo að innihaldsgreining sé flokkuð sem meginleg rannsóknaraðferð, inniheldur hún einnig eigindlega þætti. Það er einkaskoðun rannsakandans hvað hann vill rannsaka, hvernig hann flokkar það og túlkar, ákveður hvert úrtakið er og af hverju hann velur það frekar en eitthvað annað. Þessir þættir gera innihaldsgreiningu einnig að einhverjum hluta að eigindlegri rannsóknaraðferð (Stokes, 2013).

3.1 Innihaldsgreining

Innihaldsgreining er margnotuð af fræðimönnum til að greina hinar ýmsu tegundir fjölmiðla. Aðferðin nýtur mikillar hylli því um er að ræða árangursríka leið til að mæla hinar ýmsu breytur í innihaldi fjölmiðlaefnis, til að mynda lengd fréttar, fjölda auglýsinga eða kynjahlutföll í sjónvarpsfréttum svo dæmi séu tekin. Þó að ýmislegt bendi til þess að fyrsta innihaldsgreiningin (í nútíma skilningi) hafi verið framkvæmd í Svíþjóð um miðbik 18. aldar, fór fyrst að bera almennilega á aðferðinni í kringum síðari heimsstyrjöldina. Á þeim tíma fylgdust bandamenn með útvarpsrásum í Evrópu og greindu hvaða lög þar fengu mesta spilun. Með því að bera saman lög spiluð á þýskum útvarpsstöðvum og lög spiluð í öðrum löndum, gátu bandamenn áttað sig betur á stærð þýskra hersveita og hreyfingu þeirra um álfuna (Wimmer & Dominic, 2011).

Eftir stríðið var innihaldsgreining mikið notuð til að rannsaka áróðursherferðir, ýmist í dagblöðum eða í sjónvarpi. Eftir að bókin Innihaldsgreining í fjölmiðlarannsóknum eftir Bernard Berelson kom út árið 1952, hefur aðferðin verið mjög vinsæl meðal fræðimanna.

Samkvæmt innihaldsgreiningu á þremur tímaritum helguðum fjölmiðlarannsóknum kom í ljós að um þriðjungur rannsókna sem þar hafa birst notast við innihaldsgreiningar (Wimmer & Dominic, 2011).

Samkvæmt skilgreiningu Kerlinger á innihaldsgreiningu þarf þremur skilyrðum að vera fullnægt svo hægt sé að mæla breytur með þessari aðferð. Í fyrsta lagi þarf greiningin að vera kerfisbundin. Gögn þurfa að vera valin með kerfisbundnum hætti og fylgja þarf ákveðnum reglum í hvívetna. Það sama á við um greiningu gagnanna, en hvert atriði þarf að vera meðhöndlað á sama hátt. Gæta þarf þess að sama aðferð sé notuð í gegnum alla rannsóknina, því ef ný aðferð er tekin upp í miðri rannsókn myndi það vafalaust skekkja niðurstöðurnar. Annað atriði sem Kerlinger nefnir er hlutleysi, en rannsókn skyldi aldrei litast af skoðunum rannsakanda og sömu niðurstöður eiga að fást sama hver rannsakandinn er. Þess vegna er nauðsynlegt að rannsakandi lýsi nákvæmlega rannsóknarferlinu, aðferðum og skilgreini breytur svo hægt sé að endurtaka rannsóknina. Í þriðja og síðasta lagi þarf innihaldsgreining að vera magnbundin samkvæmt skilgreiningu Kerlinger. Innihaldsgreining snýst um að lýsa á réttmætan hátt ákveðnu magni af efni og til þess þarf magnið að vera töluvert (Wimmer & Dominic, 2011).

3.2 Kostir og gallar innihaldsgreiningar

Öllum rannsóknaraðferðum fylgja bæði kostir og gallar og er innihaldsgreining þar engin undantekning. Til að nefna nokkra kosti rannsóknaraðferðarinnar er innihaldsgreining yfirleitt ódýr í framkvæmd og tiltölulega auðvelt er að nálgast rannsóknargögn. Aðferðin er óágeng því lítil afskipti eru af lífi fólks ef til dæmis er miðað við viðtöl, sem jafnframt minnkar líkurnar á ýmsum siðferðilegum vandamálum sem upp gætu komið. Hægt er að greina bæði ný og eldri gögn. Erfitt getur verið að þurfa að reiða sig á minningar fólks, til dæmis í djúpvíðtölum. Síðast en ekki síst er leiðin mjög þægileg þegar greina á mikið efni (Bertrand & Hughes, 2005).

Wimmer og Dominic (2011) nefna nokkra galla sem fylgja innihaldsgreiningu. Í fyrsta lagi er erfitt að notast aðeins við innihaldsgreiningu þegar rannsaka á áhrif fjölmiðla á almenning. Þó við getum sagt að 80% af auglýsingum í barnatímanum fjalli um nýja tegund af sleikibrjóstsykri getum við ekki sagt að þau börn sem horfi á þann barnatíma séu líklegri til að vilja kaupa þennan sleikjó frekar en börn sem horfðu á barnatímamann á annarri stöð. Annar galli við rannsóknaraðferðina er sá að niðurstöður innihaldsgreiningarinnar eru takmarkaðar

við þá rannsókn, því mismunandi rannsakerndur skilgreina og túlka efni á mismunandi hátt. Þriðja vandamálið sem félagarnir nefna er sú staðreynd að ýmis viðfangsefni sem áhugaverð væru til rannsóknar, eru ekki mjög aðgengileg í fjölmiðlum. Til dæmis yrði erfitt að rannsaka keiluleik Íslendinga þar sem mjög takmörkuð umfjöllun er um íþróttina í fjölmiðlum. Í síðasta lagi er innihaldsgreining oft mjög tímafrek ef greina þarf mikið magn efnis.

3.3 Úrtak

Það hefur sýnt sig að þó að úrtak sé geysistört þýðir það ekki sjálfkrafa að hægt sé að alhæfa út frá því. Það sýndi sig meðal annars í aðdraganda forsetakosninga í Bandaríkjunum árið 1936. Til að spá fyrir um úrslit kosninganna voru sendir spurningalistar á 12.000.000 heimili Bandaríkjamanna og þau heimili valin út frá símaskrá og bifreiðaskráningu. Þó svo að 2.500.000 listanna væri svarað, gáfu svörin kolranga mynd af úrslitum kosninganna því stór hópur Bandaríkjamanna á þessum tíma átti hvorki bifreiðar né voru í símaskránni (Bertrand & Hughes, 2005).

Þegar úrtak er valið fyrir rannsókn á fjölmiðlum þarf fyrst að ákveða tegund fjölmiðils sem rannsaka á. Í þessu tilviki voru prentmiðlarnir Morgunblaðið og Fréttablaðið valdir fyrir úrtakið. Því næst þarf að ákveða hvaða efni eigi að greina og fyrir þessa rannsókn er það tónlistarumfjöllun blaðanna. Úrtaksaðferðin sem notuð var fyrir þessa rannsókn var ein tegund líkindaúrtaks (*e. probability sampling*) en slíkum úrtökum er venjulega hægt að alhæfa útfra. Líkindaúrtak er einnig hentugt þegar greina þarf mikið efni. Tegund líkindaúrtaksins notuð hér er þyrpingarúrtak (*e. cluster sampling*). Dæmi um þyrpingarúrtak er til dæmis að greina fyrstu viku mars mánaðar í nokkur ár (Bertrand & Hughes, 2005, 198). Í þessari rannsókn urðu janúarmánuðir árána 2007 og 2013 fyrir valinu.

Úrtakið fyrir þessa rannsókn voru dagblöðin Morgunblaðið og Fréttablaðið. Ástæða þess að þessi tvö blöð voru valin var sú að þau dagblöð eru mest lesin af íslensku þjóðinni og eru raunar einu dagblöðin sem komu út á Íslandi á síðara úrtakstímabilinu. Lestur þessara tveggja dagblaða hefur dregist örlítið saman á undanförunum árum, en lestur Morgunblaðsins hefur dregist meira saman en lestur landans á Fréttablaðinu. Í febrúar 2007 lásu um 65% (12-80 ára) þjóðarinnar Fréttablaðið og 43,5% Morgunblaðið. Sex árum síðar eða í febrúar 2013 lásu rúmlega 57% þjóðarinnar Fréttablaðið en aðeins tæpur þriðjungur þjóðarinnar las Morgunblaðið (Capacent, 2013).

Tvær ástæður eru fyrir því að janúarmánuðir áráanna 2007 og 2013 voru valdir. Í fyrsta lagi er leitast við að greina fjölda og inntak tónlistargreina fyrir og eftir efnahagshrunið sem varð hér á landi árið 2008. Í öðru lagi reis tónlistarhúsið Harpa árið 2011 og athugað var hvort það gæti haft sitt að segja í umfjöllun um tónlist, til dæmis í aukningu tónlistargreina um klassíska tónlist. Þó svo að í eigendastefnu Hörpu segi ekkert um að Harpa tónlistar og ráðstefnuhús helgi sig klassískri tónlist, eiga bæði Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska Óperan aðsetur þar, sem hlýtur að setja klassískan svip á dagskrá hússins að mati rannsakanda (Harpa, á.á.). Þar sem efnahagshrunið varð ekki hér landi fyrr en síðla árs 2008 hefði verið hægt að greina janúarmánuð þess árs. Það var hins vegar ekki gert af ótta við að einhverjar breytingar gætu þá og þegar hafa átt sér stað, þar sem hrunið var þá í aðsigi. Þar sem rannsakandi hóf rannsóknarferlið í byrjun árs 2013 var ákveðið að janúarmánuður þess árs yrði fyrir valinu til að fá sem ferskust gögn. Íslendingar eru mikið fyrir að halda hinar ýmsu tónleikahátíðir og ein slík af stærra taginu er haldin í janúar sem gæti haft sitt að segja í niðurstöðum. Sama hvaða mánuður hefði orðið fyrir valinu telur rannsakandi að tónlistarhátíðir hefðu alltaf haft einhver áhrif, því hátt í 50 tónlistarhátíðir eru haldnar hér á landi ár hvert, og eru þá aðeins taldar þær hátíðir sem nefndar eru á síðu IMX (Iceland music export, á.á.).

Eins og gengur og gerist breytist uppsetning dagblaða með árunum. Þó nokkur breyting varð á skipulagi Morgunblaðsins frá 2007 til 2013. Mun seinlegra reyndist að greina tónlistarumfjöllun í Morgunblaðinu frá fyrra tímabilinu (janúar 2007) því tónlistarumfjöllun mátti finna víðsvegar um blaðið. Á eftir erlendum fréttum voru alltaf ein til tvær menningarsíður árið 2007. Þar á eftir kom innblaðið Daglegt líf sem innihélt oft eitthvað af tónlistarumfjöllun. Á eftir minningargreinum og smáauglýsingum kom innblaðið Staður og stund sem oftast nær innihélt einhverja tónlistarumfjöllun. Menningarsíður í Staður og stund náðu oft að bíóauglýsingum og mátti oft á tíðum finna tónlistarumfjöllun neðst á þeim síðum. Ef einhver tónlistarumfjöllun var á almennum fréttasíðum eða á öðrum stöðum en þeim sem að ofan eru taldir var sú umfjöllun ekki greind. Ástæða þess var sú að höfundur vildi einblína á menningarsíður blaðanna og innblöð helguð menningu. Auðveldara þótti að greina tónlistarumfjöllun frá janúar 2013 þar sem innblaðið Staður og stund var ekki lengur hluti af blaðinu og ekki var mikil tónlistarumfjöllun í Daglegu lífi sem enn hélt velli. Tónlistarumfjöllun í Morgunblaðinu í janúar 2013 birtist á menningarsíðum blaðsins, sem byrja strax á eftir síðum helguðum dægradvöl þar sem má meðal annars finna Su Doku þrautir og krossgátur, og náðu þær síður oft að bíóauglýsingum. Morgunblaðið á sunnudögum er með öðruvísi sniði og birtust þá menningarsíður á eftir hinum og þessum sérblöðum í kringum mitt

blaðið. Einnig voru yfirleitt fleiri menningarsíður á sunnudögum en aðra daga.

Snið Fréttablaðsins breyttist einnig frá 2007 til 2013. Árið 2007 byrjuðu menningarfréttir á eftir myndasögum. Aðeins fyrsta síða menningarsíðanna var merkt menningu en menningartengd umfjöllun birtist á fjölmörgum síðum eftir það og náðu þær yfirleitt að bíóauglýsingum og var öll tónlistarumfjöllun eftir fyrstu menningarsíðuna tekin með í greininguna. Eftir bíóauglýsingarnar tóku íþróttasíðurnar við og þriðja síðasta síða blaðsins var yfirleitt helguð einhverskonar menningu og ef tónlistarumfjöllun birtist þar var hún höfð með í innihaldsgreiningunni. Sama má segja um Fréttablaðið og Morgunblaðið að ef tónlistarumfjöllun birtist á öðrum stöðum en þessum, svo sem á almennum fréttasíðum, var sú umfjöllun ekki tekin með í reikninginn. Rannsakandi man þó ekki til þess að hafa rekið augun í tónlistarumfjöllun á öðrum stöðum en þeim sem nefndir hafa verið. Ef einhver tónlistarumfjöllun var í innblaðinu Allt, var hún ekki greind, þar sem hvorki er lögð áhersla á menningu né tónlist í því blaði. Tónlistarumfjöllun í fylgiblaðinu Sirkus sem birtist á föstudögum í janúar 2007 var ekki tekin með frekar en fylgiblað Morgunblaðsins á fimmtudögum 2013, Monitor. Snið Fréttablaðsins breyttist minna en Morgunblaðsins á milli árána sem til skoðunar eru. Helsta breytingin var sú að árið 2013 voru allar menningarsíður vandlega merktar á haus hvernar síðu. Staðsetning síðanna var sú sama bæði tímabilin, eða strax á eftir myndasögum. Á eftir menningarsíðum birtust fréttir af íþróttum og þriðja síðasta síða blaðsins var einnig helguð menningu eins og árið 2007, en var í þetta skiptið merkt menningu. Innblaðið Allt var ekki lengur hluti af blaðinu árið 2013 en Fólk var nýtt innblað og var tónlistarumfjöllun þar, ef einhver var, ekki tekin með í greininguna frekar en tónlistarumfjöllun í fylgiblaðinu Lífið sem fylgdi með á föstudögum.

Í janúar árið 2007 komu bæði blöðin út daglega að undanskildum nýársdegi sem telur 60 blöð fyrir það ár. Í janúar 2013 var Morgunblaðið einnig gefið út á hverjum degi frá og með 3. janúar sem telur 28 tölublöð en í sama mánuði kom Fréttablaðið ekki út á sunnudögum sem skilaði 26 tölublöðum þann mánuðinn. Heildarfjöldi tölublaða sem innihaldsgreiningin tekur til í rannsókninni er 114. Í þessum 114 tölublöðum fundust 582 greinar tengdar tónlist og hér að neðan verður útlistað hvernig þær voru flokkaðar.

3.4 Flokkun tónlistargreina

Blöðin voru greind á Þjóðarbókhöðunni þar sem gömlum blöðum er vel haldið til haga og þau flokkuð eftir ártölum og mánuðum. Á þeim tíma sem innihaldsgreiningin var framkvæmd

voru janúareintök Fréttablaðsins frá 2013 ekki orðin aðgengileg þannig að brugðið var á það ráð að greina þau í tölvu. Notast var við vefsíðuna vísir.is en þar eru öll eintök Fréttablaðsins aftur til ársins 2005 aðgengileg og opnuðust eintökin í raunstærð á tölvuskjánum.

Allar tónlistargreinar blaðanna voru lesnar og þær flokkaðar eftir tegund umfjöllunar, tegund tónlistar, þjóðerni tónlistarmanns, landi atburðar, stærð umfjöllunar, kyni tónlistarmanns og hvers konar mynd fylgdi fréttinni. Stærð greina var mæld upp á gamla mátann með reglustiku og þannig reiknaðir cm^2 . Ef ljósmynd fylgdi, var hún tekin með í stærðarmælingu. Til að gæta fyllsta hlutleysis var kyn til umfjöllunar mælt eftir því hvaða nöfn komu fyrir í greininni eða hvaða persónufornöfn. Ef fjallað var um hljómsveit, til að mynda Sálina, en engir hljómsveitarmeðlimir nefndir á nafn eða kyn viðmælenda nefnt var fréttin greind sem hvorki karla né kvennafrétt, þó svo að rannsakandi viti að meðlimir Sálarinnar séu allir karlkyns. Ef grein birtist um tónleika tónlistarkonu sem spilaði verk eftir til dæmis Mozart, Bach, Beethoven eða önnur karlkyns tónskáld sem nefnd voru á nafn, var fréttin flokkuð sem bæði karla og kvennafrétt. Ef einhver vafi lék á því hvert aðalatriði umfjöllunarinnar var, var beitt hinum öfuga þríhyrning (*e. inverted triangle*) til að finna aðalatriðið. Með því er átt við að í fréttaskrifum sé ávallt byrjað að skrifa um það sem mestu máli skipti og svo fjarar frásögnin út því neðar sem komið er í hana.

Þegar þjóðerni tónlistarmanns eða hljómsveitar var flokkað, lék sjaldnast vafi á, að undanskildu því þegar erlendir tónlistarmenn voru búsettir hér á landi í lengri tíma. Þá var miðað við hversu lengi þeir höfðu dvalið hér og ef um 10 ár eða lengri tíma var að ræða voru þeir flokkaðir sem Íslendingar. Slíkt kom einungis upp tvisvar sinnum og þá í fyrsta skipti vegna Leone Tinganelli sem flokkaður var sem Íslendingur og John Grant sem flokkaður var sem útlendingur. Þegar fjallað var um plötuútgáfu John Grant var fréttin því flokkuð sem erlend – íslensk. Erlend, því Grant er útlendingur og íslensk því platan sem um ræddi var gefin út á Íslandi. Þegar fjallað var hins vegar um íslenska hljómsveit að spila á erlendri tónlistarhátíð var fréttin flokkuð íslensk-erlend, eða með öðrum orðum, Íslendingar erlendis. Er erlendir tónlistarmaður gaf út plötu erlendis var fréttin flokkuð erlend-erlend eins og gefur að skilja.

Tegund tónlistarumfjöllunar var skipt í sex flokka. Flokkarnir voru:

- *Tónlistarmaður* – almenn umfjöllun um tónlistarmann eða hljómsveit
- *Tónleikar* – bæði tilkynningar um væntanlega tónleika og tónleikadómar
- *Plötur* – umfjöllun um væntanlega eða nýútgefna plötu og plötudómar
- *Bransinn* – allar fréttir sem snéru að tónlistariðnaðinum, t.a.m. minnkandi sölu geisladiska
- *Tónlistarhátíðir* – tilkynningar um tónlistarhátíðir, dómar um hátíðir eða dagskrár þeirra
- *Slúður* – allar greinar sem snéru ekki að tónlistinni sjálfri, heldur sjónum frekar beint að einkalífi tónlistarfólks

Þegar flokkað var eftir tónlistartegund var af ýmsu að taka. Flokkarnir voru *klassík, þjóðlagatónlist, popp, rapp/hiphop, raftónlist, blús, jass, sálartónlist, reggí, pönk, latín, kántrý, og blandað efni*. Í flokkinn blandað efni fóru til dæmis greinar af tónlistarhátíðum þar sem ægði saman ýmsum tegundum tónlistar. Ef rannsakandi var í vafa um tegund tónlistar var notast við internetið og þá helst heimasíður tónlistarfólksins ef slík síða var til. Í sumum tilfellum flokka tónlistarmenn sig eftir fleiri en einni tegund tónlistar og var þá sú tegund notuð sem nefnd var fyrst. Ef tegundar tónlistarinnar var ekki getið á þessum síðum var notast við tónlist.is þar sem plötunni sem til umfjöllunar var, var flett upp og tegund hennar á þeirri síðu notuð. Ef ekki var um plötuumfjöllun að ræða var tegund þeirrar plötu sem kom út næst dagsetningu umfjöllunarinnar notuð. Ef allar aðferðirnar hér að ofan brugðust var notast við ýmsar aðrar heimasíður.

Popp er ekki það sama og popp og rokk er ekki það sama og rokk fyrir öllum. Rannsakandi myndi til dæmis flokka Bítlana sem popphljómsveit, en þar sem þeir þóttu heldur háværir á sínum tíma myndu eldri kynslóðir eflaust flokka Bítlana sem rokkhljómsveit. Því var brugðið á það ráð fyrir lesendur að skilgreina fjórar algengustu tónlistartegundirnar í innihaldsgreiningunni, eins og þær eru skilgreindar í bókinni *The illustrated encyclopedia of music*.

Lítið fór fyrir popptónlist hérlendis fram að síðari heimsstyrjöld. Ástæðan var aðallega sú að fáir áttu plötuspilara og ekki var mikið um danshljómsveitir hér á landi. Ríkisútvarpið taldi það heldur ekki skyldu sína að útvarpa slíkri tónlist. Eftir hernám breyttust hlutirnir og þá

sérstaklega eftir að Bandaríkjamenn tóku við vörnum landsins, en þá tóku bandarískir hermenn að flytja með sér bandaríska popptónlist til landsins og þá var stutt í það að upp fóru að spretta danshljómsveitir. Með bættum efnahag við og eftir hernám gat fólk fjárfest í plötum og plötuspilurum (Gestur Guðmundsson, 1990). Engin önnur tegund tónlistar hefur notið jafn mikillar hylli og popptónlistin. Eins og með flestar aðrar tónlistartegundir hefur popptónlistin ýmsa undirflokka og telur Noyer (2003) upp rúmlega 40, en þar nefnir hann meðal annars rokk og ról, europop og strákabönd sem hann telur að sé tónlistartegund út af fyrir sig. Popptónlist er skilgreind sem tónlist sem inniheldur grípandi laglínur á miðju raddsviðinu sem er haldið saman með einföldum takti og hjartfólgnum textum. Dæmi um hljómsveitir og tónlistarmenn sem höfundur setti í þennan flokk eru Sálín og Britney Spears.

Á miðjum 7. áratugnum voru Bandaríkjamenn í stríði í Víetnam. Áratugurinn var líka sá áratugur þegar hinar ýmsu hreyfingar spretta upp, svo sem kvennahreyfingar og hreyfingar sem börðust gegn kynþáttamisrétti. Popptónlistin náði ekki að lýsa veruleika þessa fólks með sínum glaðlegu textum og hressu melódíum og spratt þá rokktónlistin upp. Samanborið við popptónlist eru einkenni rokksins þungur og þéttur trommutaktur sem er grunnurinn fyrir hin hljóðfærin til að spila eftir og þar er gítarinn yfirleitt ágengur með grípandi stef. Líkt og með poppið hefur rokkið fjölmargar undirtegundir, svo sem prog rokk, metal og glystrokk (Noyer, 2003). Hljómsveitir og tónlistarmenn sem höfundur setti í þennan flokk eru til dæmis Sólstafir og Queen.

Klassísk tónlist er ein þeirra tegunda sem mest var fjallað um á menningarsíðum blaðanna. Noyer (2003) talar um að klassísk tónlist eigi sér ríflega 1000 ára sögu og skiptist eins og aðrar tegundir í ýmsa stíla. Þar má nefna miðaldaklassík, barokk, rómantíska klassík og nútímaklassík. Klassíski stíllinn byggist á samhljómi margra hljóðfæra og samspili þeirra. Algeng hljóðfæri í klassískri tónlist eru til dæmis fiðlur, víólur og selló sem öll eru til dæmis notuð í strengjakvartett. Í þessum flokki áttu til dæmis greinar um hádegistónleika íslensku óperunnar heima og tónleikatilkynningar Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Raftónlist er, eins og gefur að skilja, aðallega uppbyggð af rafrænum hljóðfærum, svo sem hljómborðum, trommuheilum og ýmsum tölvuforritum. Raftónlist er talin eiga rætur að rekja allt til miðbiks 19. aldar þegar Thomas Edison fann upp grammófóninn árið 1877 sem var fyrirrennari plötuspilarans. Elektró og trip hop eru dæmi um undirtegundir raftónlistar (Noyer, 2003). Moby og íslenska rafsveitin Bloodgroup eru meðal tónlistarmanna sem fóru í

raftónlistarflokkinn.

Ákveðið var að flokka tegundir tónlistar ekki í undirflokkum. Allt rokk, sama hversu hart það var, fór í rokkflokkinn, því um agnarsmáa flokka hefði verið að ræða ef farið hefði verið í að flokka til dæmis í dauðarokk, þungarokk eða framsækið rokk. Sama má segja um flokkinn raftónlist. Innan þeirrar tegundar er fjöldinn allur af undirflokkum, svo sem teknó, house, drum and bass og dubstep svo fáein séu nefnd, en allar þessar tegundir fóru í flokkinn raftónlist.

Innihaldsgreiningin var gerð upp á gamla mátann með blaði og penna. Þær niðurstöður voru svo færðar yfir í tölfræðiforritið IBM SPSS en úr því forriti er auðveldlega hægt að búa til hinar ýmsu töflur og súlurit og þær sem áhugaverðastar þóttu verða birtar í næsta kafla.

4. Rannsóknarniðurstöður

Í kaflanum verður fyrst gerð grein fyrir almennum niðurstöðum eins og fjölda greina eftir blöðum og stærð þeirra. Þá verður hlutfall erlendra og innlendra tónlistargreina skoðað, og niðurstöður settar fram í töflum. Niðurstöður verða einnig skoðaðar eftir tegund umfjöllunar og þær settar upp í súlurit svo betur megi sjá mun á milli dagblaða. Þá verða niðurstöður settar fram í kökuriti fyrir hvert dagblað til að sjá hlutfallslega áherslu eftir blöðum. Það sama verður gert við mun á tónlistartegundum. Einnig verður hlutfall tónlistartegunda í hvoru blaði fyrir sig skoðað eftir árum og gerð verður grein fyrir meðalstærð tónlistargreina í blöðunum. Jafnframt verða kynjahlutföll í tónlistargreinum skoðuð og þær niðurstöður settar fram bæði í súlu- og kökuritum. Eftir stuttar niðurstöður um myndbirtingu í blöðunum verða niðurstöður rannsóknarinnar bornar saman við þær niðurstöður sem hafa fengist úr erlendum rannsóknum sem gerð var grein fyrir í kafla 2.

4.1 Almennar niðurstöður

Heildarfjöldi tónlistargreina í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sem greindar voru frá janúar 2007 og janúar 2013 var samtals 582. Á töflu 1 sést að tónlistarumfjöllun minnkaði nánast um helming á milli áranna sem til skoðunar eru í báðum blöðum.

Tafla 1. Fjöldi tónlistargreina eftir fjölmiðlum og árum

Fjöldi fréttar	Morgunblaðið	Fréttablaðið	Alls
Janúar 2007	168	212	380
Janúar 2013	80	122	202
Alls	248	334	582

Eins og sjá má fækkaði greinum um tónlist hjá báðum blöðum töluvert, en í kringum helmingi færri tónlistargreinar birtust í janúar 2013 miðað við sex árum fyrr. Fréttablaðið hefur þó enn töluverða yfirburði þegar kemur að fjölda tónlistargreina.

Stærð tónlistargreina upphaflega skipt í sjö flokka sem síðar var fækkað í þrjá, því það þótti henta betur fyrir niðurstöðukaflann. Stærð greina var sem fyrr sagði mæld eftir fersentimetrum. Minnsti stærðarflokkurinn var 0-100cm², miðflokkurinn 101-200cm² og stærsti flokkurinn var 201 fersentimetri og uppúr. Til gamans má geta að stærsta greinin var rúmlega 1300 cm² sem birtist í Morgunblaðinu laugardaginn 27. janúar 2007 og var þar

fjallað um rokkhljómsveitina Mínus. Eins og sjá má birtast fleiri minni og miðlungs stórar greinar í Fréttablaðinu en Morgunblaðið hefur yfirhöndina þegar kemur að stórum tónlistargreinum.

Tafla 2. Stærð greina eftir fjölmiðlum í cm²

Stærð í cm ²	Morgunblaðið	Fréttablaðið	Alls
0-100	86	137	223
101-200	47	122	169
201- +	115	75	190

4.2 Innendar og erlendar greinar

Eins og áður sagði var tónlistargreinum bæði skipt eftir því hvort atburðurinn átti sér stað hér á landi eða erlendis og einnig hvort umræddur tónlistarmaður eða hljómsveit væri íslensk eða erlend. Flestar greinarnar sem greindar voru fjölluðu um íslenska atburði. Mikill munur er á blöðunum tveimur hvað varðar hlutfall greina um erlenda atburði á móti innlendum (Tafla 3).

Tafla 3. Lönd atburða til umfjöllunar

Land atburðar	Morgunblaðið	Fréttablaðið	Alls
Ísland	194 (78%)	161 (48%)	355 (61%)
Erlendis	47 (19%)	160 (48%)	207 (36%)
Bæði	7 (3%)	13 (4%)	20 (3%)
Alls	248	334	582


Morgunblaðið fjallar mun frekar um innlenda atburði en erlenda, eða í um tæpum 80% tilfella. Fréttablaðið fjallar hins vegar jafn mikið um erlenda og innlenda atburði. Það gefur því að skilja að oftar er fjallað um erlenda tónlistarmenn í Fréttablaðinu en innlenda í Morgunblaðinu eins og sjá má hér að neðan. Um 75% allra tónlistargreina í Morgunblaðinu er um íslenska tónlistarmenn en 50% hjá Fréttablaðinu.

Tafla 4. Þjóðerni tónlistarmanns/hljómsveitar sem fjallað er um eftir fjölda greina

Þjóðerni flytjanda	Morgunblaðið	Fréttablaðið	Alls
Íslenskt	185 (74%)	165 (49%)	350 (60%)
Erlent	56 (23%)	156 (47%)	212 (36%)
Bæði	7 (3%)	13 (4%)	20 (4%)
Alls	248	334	582


4.3 Tegund umfjöllunar

Tegund umfjöllunar var skipt í sex flokka. Umfjöllun um *tónlistarmann/hljómsveit, tónleikaumfjöllun, plötuumfjöllun, slúður, bransinn og tónlistarhátíðir*. Stærsti flokkur beggja blaða var umfjöllun um tónleika, hvort sem um tónleikatilkynningar var að ræða eða tónleikagagnrýni. Rúmur helmingur allra tónlistargreina hjá Morgunblaðinu fór í þann flokk og tæpur þriðjungur greina hjá Fréttablaðinu (Mynd 1).




Mynd 2. Tegund umfjöllunar eftir blöðum

Næst stærsti flokkurinn í heildina er plötuumfjöllun með rúm 20% af allri tónlistarumfjöllun. Minnsti hópurinn í heildarumfjöllun var flokkurinn um tónlistarhátíðir en einungis 3,6% allra tónlistargreina fjölluðu um tónlistarhátíðir. Mynd 2 leiðir í ljós athyglisverðan mun á blöðunum tveimur. Til dæmis er slúðurflokkurinn nánast tómur hjá Morgunblaðinu en næstum fimmta hver grein í Fréttablaðinu fellur í þann flokk.



Mynd 3. Tegund umfjöllunar í Morgunblaðinu


Umfjöllun um tónleika ber höfuð og herðar yfir aðra umfjöllun, en í Morgunblaðinu var slík umfjöllun um 55% af tónlistarumfjöllun. Umfjöllun um tónlistarmenn og plötur eru þeir flokkar sem er fjallað um annað og þriðja mest með 15% og 16% af tónlistarumfjöllun í Morgunblaðinu. Minnsti flokkurinn í Morgunblaðinu er Slúðurflokkurinn. Einungis þrjár slúðurgreinar birtust þar eða um 1,2% af umfjölluninni.



Mynd 4. Tegund umfjöllunar í Fréttablaðinu

Líkt og hjá Morgunblaðinu fjallar Fréttablaðið mest um tónleika sem er tæpur þriðjungur tónlistarumfjöllunar. Fast á hæla þeirra situr umfjöllun um plötur með fjórðung af tónlistarumfjöllun Fréttablaðsins. Í Fréttablaðinu birtust 65 slúðurgreinar, sem er um 20% af allri tónlistarumfjöllun. Bransagreinar og greinar um tónlistarhátíðir reka lestina með 3% af tónlistarumfjöllun hvor flokkur.


Þegar skoðuð er meðalstærð tónistargreina eftir hverjum flokki fyrir sig sést að þó að fjallað sé oft um ákveðinn flokk, þarf ekki að vera svo að það séu stærstu greinarnar. Á mynd 5 sést að það er alls ekki raunin. Þeir flokkar sem í heildina var minnst fjallað um, eða bransagreinar og greinar um tónlistarhátíðir eru að meðaltali stærstu greinarnar. Aftur á móti eru þeir flokkar sem oftast var fjallað um, tónleika- og plötuumfjöllun að meðaltali frekar litlar greinar.



Mynd 5. Meðalstærð greina eftir flokkum í cm²


4.4 Fjöldi greina eftir tegund tónlistar

Alls voru taldar 14 tegundir tónlistar í þessum 582 greinum. Til að gera niðurstöðurnar læsilegri verður þeim níu flokkum sem ekki náðu að vera 3% af heildarumfjöllun, settir í flokkinn *annað*. Niðurstöður fyrir níu minnstu flokkana má sjá aftar í kaflanum.




Mynd 6. Tegund tónlistar eftir blöðum

Mynd 6 endurspeglar mjög vel mismunandi áhugasvið blaðanna. Sú tónlistartegund sem fjallað var oftast um í heildarumfjöllun blaðanna var popptónlist en um 30% tónlistargreina fjölluðu um slíka tónlist. Fast á hæla popptónlistar er klassísk tónlist með tæpan fjórðung tónlistargreina eða samtals 143 greinar. Rokk er sú tónlistartegund sem er þriðja algengasta umfjöllunarefni blaðanna tveggja með rúm 17%.



Mynd 7. Umfjöllun eftir tegund tónlistar hjá Morgunblaðinu




Mynd 8. Umfjöllun eftir tegund tónlistar hjá Fréttablaðinu


Talsverður munur er á vægi flokkanna eftir blöðum. Þó svo að þrír stærstu flokkarnir séu í þremur efstu sætum hjá báðum blöðum eru þeir misstórir. Morgunblaðið leggur mesta áherslu á að fjalla um klassíska tónlist í sínum tónlistarfréttaflutningi en slík tónlist er 39% af fjölda tónlistargreina. Fréttablaðið fjallar aðeins um klassíska tónlist í 14% tilfella. Sú tónlistartegund sem Fréttablaðið fjallar oftast um er popptónlist sem er umfjöllunarefnið í 38% af tónlistarumfjöllun. Morgunblaðið fjallar einungis um popptónlist í tæpum 20% tilfella. Annar stærsti flokkurinn hjá Fréttablaðinu er rokktónlist með 22% tónlistargreina. Sjaldnar er fjallað um rokktónlist í Morgunblaðinu en sá flokkur er þriðji stærsti flokkurinn þar á bæ með 30 greinar.

Lítill munur var á áherslum blaðanna á mismunandi tónlistartegundum eftir árum. Hjá báðum blöðum minnkaði umfjöllun um klassíska tónlist þó eitthvað. Umfjöllun um popptónlist stóð í stað hjá Fréttablaðinu en minnkaði eilítið hjá Morgunblaðinu. Umfjöllun um blandaða tónlist minnkaði hjá Morgunblaðinu en jókst tölvvert hjá Fréttablaðinu úr 9% árið 2007 í 16% árið 2013. Umfjöllun um rokktónlist breyttist ekki mikið þó hún hafi aukist aðeins hjá Morgunblaðinu og minnkað aðeins hjá Fréttablaðinu. Ekki varð breyting á umfjöllun um raftónlist hjá Morgunblaðinu en slík umfjöllun jókst örlítið hjá Fréttablaðinu. Af þeim tónlistartegundum sem minna var fjallað um varð mesta breytingin á umfjöllun um

Þjóðlagatónlist en umfang þeirrar umfjöllunar fór úr því að vera um 1,8% af heildartónlistarumfjöllun Morgunblaðsins árið 2007 í það að vera 7,5% árið 2013, sem augljóslega á sinn þátt í því að umfjöllun um aðra tónlist í Morgunblaðinu fer úr því að vera 8% árið 2007 í 22% sex árum síðar.



Mynd 9. Tónlistartegundir í Morgunblaðinu eftir árum




Mynd 10. Tónlistartegundir í Fréttablaðinu eftir árum

Eins og sjá má á töflu 5 er munur á umfjöllun blaðanna um minnstu flokkana. Þannig fjallar Morgunblaðið mun meira um jass og blús á meðan Fréttablaðið fjallar meira um rapp og hiphop. Blöðin fjalla álíka mikið um þjóðlagatónlist og nánast engin umfjöllun er um minnstu flokkana sem eru sálartónlist, reggí, pönk, latín og kántrý.

Tafla 5. Tónlistartegundir sem minna er fjallað um eftir fjölda greina

Tegund	Morgunblaðið	Fréttablaðið
Þjóðlaga	9	7
Rapp/ hiphop	2	12
Jass	11	4
Blús	7	1
Sálartónlist	1	1
Reggí	0	1
Pönk	1	0
Latín	1	0
Kántrý	1	0

Fjöldi greina eftir tegundum og dagblöðum segir okkur lítið ef við mælum ekki umfang umfjöllunarinnar. Morgunblaðið gæti þannig birt 100 mjög litlar fréttir um klassíska tónlist og Fréttablaðið 50 mjög stórar fréttir um klassíska tónlist. Þá væri umfang klassískrar tónlistar mun meiri í Fréttablaðinu þar sem fleiri blaðsíður yrðu undirlagðar. Þó svo að Morgunblaðið sé með færri tónlistargreinar í heild eru þær að meðaltali stærri í fersentimetrum en tónlistargreinarnar sem birtust í Fréttablaðinu á tímabilinu sem greint var. Lögð var saman stærð tónlistargreina sem flokkuðust undir fimm stærstu tónlistartegundirnar, klassík, popptónlist, blandaða tónlist, rokk og raftónlist. Af 215 greinum í Morgunblaðinu var meðalstærð greinanna 230 cm². Af 308 greinum í Fréttablaðinu sem töldust til fimm stærstu tónlistartegundanna var meðalstærð 160 cm². Ef meðalstærð tónlistargreina og fjöldi er margfaldaður fæst því sem næst sama talan fyrir bæði blöðin og munar einungis 0,3%.




Mynd 11. Meðalstærð tónlistargreina (cm²) eftir tegund og dagblöðum

Á mynd 11 sést að umfang tónlistarumfjöllunar í Morgunblaðinu er meira í öllum fimm stærstu flokkum tónlistartegunda en í Fréttablaðinu. Í hvorugu blaðinu virðist vera mikið samræmi í fjölda greina eða stærð þeirra eftir tónlistartegundum. Eins og áður kom fram birtust oftast greinar um klassíska tónlist, en þær greinar voru 39% af heildar tónlistarumfjöllun. Hins vegar voru stærstu greinarnar sem birtust í Morgunblaðinu um blandaða tónlist eða að meðaltali 264 cm². Þó að mjög mikill munur hafi verið á fjölda greina eftir tónlistartegund hjá Morgunblaðinu var lítill munur á stærð greina úr hinum stærstu flokkunum. Meðalstærð klassískra greina voru 232 cm², greinar um rokk- og raftónlist voru að meðaltali 222 cm² og minnstu tónlistargreinarnar voru þær sem fjölluðu um popptónlist. Þær voru að meðaltali 213 cm², en dægurtónlist var sá flokkur sem næst mest var fjallað um hjá Morgunblaðinu eða í um 19% tilfella.

Það sama má segja um stærð tónlistargreina í Fréttablaðinu. Þó svo að þar hafi oftast verið fjallað um dægurtónlist, eða í 38% tilvika var meðalstærð þeirra greina 153 cm². Það sama er upp á teningnum hjá Fréttablaðinu og Morgunblaðinu því þær tónlistargreinar sem fengu mesta plássið hjá Fréttablaðinu voru greinar sem fjölluðu um blandaða tónlist og var meðalstærð þeirra greina 218 cm², þó svo að þess háttar greinar hafi aðeins verið um 11% af heildar tónlistarumfjöllun þar á bæ. Á menningarsíðum Fréttablaðsins var næst oftast fjallað um rokk-tónlist en meðalstærð þeirra greina var næst minnst eða 142 cm². Umfjöllun um klassíska tónlist var 14% af heildartónlistarumfjöllun Fréttablaðsins og var meðalstærð þeirra greina 175 cm². Einungis var fjallað um raftónlist í 7% tónlistargreina og var meðalstærð þeirra greina jafnframt lægst eða um 131 cm² að meðaltali.


4.5 Konur í tónlistargreinum

Í um helmingi allra tónlistargreina sem greindar voru, var bæði fjallað um karl og konu. Í fréttum þar sem aðeins annað kynið kemur við sögu eru fréttir um karla í miklum meirihluta. Mjög sjaldan er fjallað einungis um konur í tónlistargreinum og er hlutfallið mjög svipað hjá báðum blöðunum.




Mynd 12. Heildar kynjahlutfall í báðum blöðum

Í um þriðjungi allra tónlistargreina hjá Morgunblaðinu er einungis fjallað um karlmenn og í rúmum 40% tilvika hjá Fréttablaðinu. Tónlistargreinar í báðum blöðum þar sem einungis konur koma við sögu er rúm 4%. Eins og sjá má eru kynjatölur hjá báðum fjölmiðlum mjög svipaðar. Morgunblaðið fjallar oftast en Fréttablaðið um bæði kynin í sínum tónlistargreinum og sjaldnar einungis um karla. Fréttablaðið fjallar oftast einungis um karla og örlítið oftast einungis um kvenmenn. Yfir tveggja mánaða tímabil sem til skoðunar var í janúar 2007 og janúar 2013 birtust 10 fréttir í Morgunblaðinu þar sem einungis var fjallað um konur og 15 slíkar fréttir birtust í Fréttablaðinu yfir sama tímabil. Á þessu tímabili birtust 84 fréttir hjá Morgunblaðinu þar sem einungis var fjallað um karla og 140 slíkar fréttir birtust í Fréttablaðinu.



Mynd 13. Kynjahlutfall í tónlistarumfjöllun Morgunblaðsins




Mynd 14. Kynjahlutfall í tónlistarumfjöllun Fréttablaðsins

Einungis birtust 25 fréttir í blöðunum tveimur þar sem einungis komu konur við sögu. Sú tegund tónlistarumfjöllunar þar sem konur koma oftast einar fyrir eru greinar um tónleika. Í alls níu skipti var einungis fjallað um konur í þess háttar umfjöllun. Næst oftast var fjallað

einungis um konur í slúðrinu, eða í alls sjö skipti. Þegar fjallað var um tónlistarmenn eða hljómsveitir voru þar einungis konur til umfjöllunar í fimm skipti.

Eins og áður sagði koma bæði kynin fyrir í meirihluta tónlistarumfjöllunar. Hins vegar er mjög mikill munur á fjölda greina eftir kyni þegar aðeins er fjallað um annað kynið. Að neðan sést hvernig kynin skiptast á fimm stærstu tegundir tónlistar. Þar sést að í hátt í 80% tónlistarumfjöllunar um klassíska tónlist koma bæði kynin við sögu. Aðeins eru tvær tegundir tónlistar þar sem umfjöllun um bæði kyn er ekki í meirihluta. Það kemur fyrir í umfjöllun um rokk tónlist og raftónlist. Í hátt í 70% tilfella er einungis fjallað um karlmenn í umfjöllun um rokk tónlist en konur fá að vera einar í sviðsljósinu í 1% af rokkumfjöllun.




Mynd 15. Vægi kynja eftir tónlistartegundum af heildarumfjöllun blaðanna

4.6 Myndbirting

Aðeins örfáar greinar um tónlist í báðum blöðum birtust án myndar. Í Morgunblaðinu birtust sex greinar án mynda (2,4%) og 13 (3,9%) hjá Fréttablaðinu. Slíkar greinar voru yfirleitt mjög stuttar tónleikatilkygningar eða annað slíkt. Eins og gefur að skilja voru mun sjaldnar myndir af konum í tónlistargreinum en af karlmönnum, því mun oftar er fjallað um karlmenn. Hjá báðum blöðum sýndi um helmingur allra mynda einungis karlmenn eða 45% í Morgunblaðinu og 54% í Fréttablaðinu. Konur og karlar eru saman á mynd í um fjórðungi tilfella hjá Morgunblaðinu og rúmum 19% tilvika hjá Fréttablaðinu. Í Morgunblaðinu voru myndir sem sýndu einungis konur 18% og 17% hjá Fréttablaðinu. Eins og áður kom fram koma konur

einar við sögu í einungis 4% af tónlistargreinum. Þær eru hins vegar mun oftar einar á ljósmyndum. Í um helmingi allra tónlistargreina er bæði fjallað um karl og konu, en myndir af báðum kynjum eru fjórðungur og fimmtungur af myndbirtingu blaðanna.



Mynd 16. Myndbirting í báðum blöðum

4.7 Samanburður við aðrar rannsóknir

Ef niðurstöður þessarar rannsóknar eru bornar saman við niðurstöður svipaðra rannsókna sem minnst var á fyrr í ritgerðinni má finna ýmsa samsvörun. Schmutz (2009) sýndi fram á að umfjöllun um klassíska tónlist hefði hriðfallið frá árinu 1955 til 2005 og hafði farið úr því að vera 84% af tónlistarumfjöllun í það að vera einungis í kringum þriðjungur af umfjöllun. Þó augljóslega nái rannsókn hans yfir lengra tímabil en þessi rannsókn, mátti þó sjá svipað munstur hér á landi. Umfjöllun um klassíska tónlist fór úr því að vera 41% í Morgunblaðinu árið 2007 í 35% 2013 og úr 16% árið 2007 í 12% árið 2013 af heildartónlistarumfjöllun í Fréttablaðinu. Auk þess kom fram í rannsókn Schmutz að popptónlist væri sú tegund tónlistar sem mest væri fjallað um í dagblöðum sem svipar til niðurstaðna þessarar rannsóknar.

Hvað skertan hlut kvenna í tónlistarumfjöllun varðar sýna niðurstöður þessarar rannsóknar svipaðar niðurstöður og áður hafa fengist. Schmutz (2009) vakti athygli á því að konur væru mun sjaldnar í aðalhlutverki í tónlistargreinum en karlar. Lægsta hlutfallið sem hann fékk var í tónlistarumfjöllun hollenskra dagblaða þar sem konur voru í sviðsljósinu í 7%

tónlistargreina. Það hlutfall er þó betra en hefur fengist í þessari rannsókn þar sem niðurstöður sýndu fram á að konur væru í aðalhlutverki tónlistargreina í 4% tilfella.

Hvað almenna fjölmiðlaumfjöllun varðar sést að kynjahlutfallið verður ekkert jafnara í umfjöllun fjölmiðla um tónlist. Þvert á móti verður það enn lægra. Þær Eygló Árnadóttir, Valgerður A. Jóhannsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir (2010) komust að því að um helmingur fréttu sýndi hvorki fram á karla- né kvennaslagsíðu. Af þeim fréttum sem einhver kynjaslagsíða gerði vart við sig mældist ein kvennafrétt á móti þremur karlafréttum. Hér hefur verið sýnt fram á að í um helmingi tónlistargreina komi bæði kynin við sögu. Í þeim greinum aftur á móti þar sem einungis er fjallað um annað kynið, eru karlar í miklum meirihluta. Í 39% tónlistargreina er einungis fjallað um karla, en aðeins er fjallað um konur í 4% tónlistargreina.

5. Samantekt

Nokkuð ljóst er að tímarnir hafa breyst á þessari rúmu hálfu öld síðan rokkæðið hóf innreið sína hér á landi. Í dag er popptónlist sú tegund tónlistar sem hlutallslega er mest fjallað um í blöðunum og engin tregða er lengur til að fjalla um rokktonlist sem er þriðja mest umfjallaða tónlistartegund blaðanna. Blöðin leggja hins vegar mismikla áherslu á hinar ýmsu tónlistartegundir. Klassískri tónlist er gert hæst undir höfði hvað varðar fjölda tónlistargreina hjá Morgunblaðinu og oftast er fjallað um dægurtónlist hjá Fréttablaðinu. Hvað varðar þær tegundir sem minnst var fjallað um virðist Morgunblaðið halda sig við hefðbundnari tegundir sem höfða yfirleitt meira til eldri kynslóða eins og blús eða jass, en Fréttablaðið virðist reyna að höfða til yngri kynslóða með fleiri greinum um raf- og rapptónlist.

Fjöldi tónlistargreina eftir tegundum var mjög svipaður árin 2007 og 2013. Mesta breytingin var þó á fjölda tónlistargreina um klassíska tónlist. Rannsakandi hafði búist við að umfjöllun um klassíska tónlist hefði aukist á milli ára með tilkomu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss. Á daginn kom hins vegar að dregið hafði úr umfjöllun um klassíska tónlist hjá báðum blöðum á milli árána 2007 og 2013. Umfjöllun um klassíska tónlist var 41% af heildartónlistarumfjöllun hjá Morgunblaðinu árið 2007 en fór niður í 33% af umfjöllun sex árum síðar. Hjá Fréttablaðinu fór umfjöllun um klassíska tónlist úr því að vera 16% af tónlistarumfjöllun árið 2007 í 12% árið 2013. Eina skýringin á því sem rannsakandi hefur er sú að árið 2007 var tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar, sem einblínir á klassíska tónlist, haldin 20. janúar en árið 2013 hófst hún ekki fyrr en 31. janúar. Þannig hefur umfjöllun um hátíðina og viðburði tengda henni hafist fyrr í janúarmánuði 2007.

Ekki fækkaði bara greinum um klassíska tónlist því umtalsverð fækkun var á heildarfjölda tónlistargreina í menningarsíðum blaðanna á milli árána tveggja. Þær fóru úr því að vera 380 talsins árið 2007, í 202 árið 2013. Ýmsar ástæður geta legið að baki því. Til dæmis er hægt að velta því fyrir sér að niðurskurður á blöðunum í kjölfar efnahagskreppunnar eigi sinn þátt í því, en einnig gæti umfjöllun um tónlist hafa verið færð á aðra staði í blöðunum. Ýmis sérblöð fylgja báðum blöðunum eins og til dæmis Monitor sem fylgir Morgunblaðinu á fimmtudögum þar sem oft má finna tónlistarumfjöllun og innbláðið Helgin sem er hluti af Fréttablaðinu á laugardögum. En þar sem reynt var að gæta samræmis í greiningu beggja ára voru slík blöð ekki tekin með, nema þau sem einblíndu á tónlist eins og til dæmis Staður og stund sem var

hluti af Morgunblaðinu fyrra tímabilið. Eitt er víst að ekki er hægt að bera því við að lítið sé um að vera í íslensku tónlistarlífi, en á vefsíðu Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar kemur fram að í marsmánuði 2013 hafi 200 tónleikar íslenskra hljómsveita verið á dagskrá um heim allan, til að mynda í Noregi, Rússlandi, Ítalíu og Bandaríkjunum (Iceland music export, 2013).

Tónleikaumfjöllun er sú tegund tónlistargreina sem bæði blöðin leggja mesta áherslu á þó að slík umfjöllun sé meiri hjá Morgunblaðinu en Fréttablaðinu. Greinar um tónleika eru 55% af tónlistarumfjöllun hjá Morgunblaðinu og 31% hjá Fréttablaðinu. Fréttablaðið fjallar hins vegar meira um plötur en Morgunblaðið en 25% tónlistarumfjöllunar hjá Fréttablaðinu beinist að plötum, en 15% hjá Morgunblaðinu. Mestur er munurinn þó á slúðrinu. Af heildartónlistarumfjöllun á menningarsíðum Fréttablaðsins er slúður 18% en einungis 1% hjá Morgunblaðinu. Velta má því fyrir sér hvort það sé ekki annar angi af því að Fréttablaðið reyni frekar að höfða til yngri kynslóða sem oft virðast hafa meiri áhuga en þeir sem eldri eru, á því hvaða poppstjarna er að fara að gifta sig eða hvaða tónlistarmaður var sendur í steininn útaf hinu eða þessu. Þetta háa hlutfall slúðurs í Fréttablaðinu hefur sitt að segja í því að í um helmingi tónlistargreina var fjallað um erlenda tónlistarmenn. Mun oftar er fjallað um íslenska tónlistarmenn en erlenda í Morgunblaðinu eða í um 80% tónlistargreina.

Það er ljóst að þó svo eitthvað sé skylt með tónlistarumfjöllun blaðanna er hún að mörgu leyti mjög ólík og verður því svarið við rannsóknarspurningunni sem sett var fram hér í upphafi: „*Er munur á tónlistarumfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðsins?*“,“ að vera já. Mestur er áherslumunurinn á nokkrum þáttum. Stærsti hluti tónlistarumfjöllunar í Morgunblaðinu snýr að klassískri tónlist en Fréttablaðið leggur langmesta áherslu á popptónlist. Um helmingur allra tónlistargreina hjá Fréttablaðinu fjallar um erlenda tónlistarmenn eða hljómsveitir en mun sjaldnar er fjallað um erlenda tónlistarmenn hjá Morgunblaðinu. Um fimmtungur af tónlistarumfjöllun í Fréttablaðinu er slúður, en slúður mældist einungis 1% hjá Morgunblaðinu. Síðast en ekki síst birti Fréttablaðið fleiri tónlistargreinar en Morgunblaðið, en greinarnar í Morgunblaðinu eru að meðaltali stærri.

Þegar tónlistarumfjöllun blaðanna tveggja er skoðuð með tilliti til dagskráráhrifa fjölmiðla má spyrja sig hvort hafi komið á undan, hænán eða eggíð? Ef borin er saman umfjöllun og tónlistarneysla þjóðarinnar sést mikil samsvörun. Eins og áður kom fram voru rúm 60% tónleika árið 2009 popp-, jass-, eða þjóðlagatónleikar og um 60% svarenda könnunarinnar um

menningarneyslu Íslendinga höfðu sótt slíka tónleika. Umfjöllun um tónleika er einmitt stærsti hluti tónlistarumfjöllunar beggja blaða eða 55% hjá Morgunblaðinu og um þriðjungur tónlistarumfjöllunar hjá Fréttablaðinu. Flestir tónleikar á landinu eru popptónleikar og tæp 80% af öllum útgefnum hljómplötum eru popplötur. Popptónlist er jafnframt sú tónlistategund sem blöðin skrifa mest um, ef umfjöllun blaðanna beggja er borin saman en hún var 29% af heildartónlistarumfjöllun. Fast á hæla dægurtónlistar er umfjöllun um klassíska tónlist sem var 27% af heildartónlistarumfjöllun blaðanna, en árið 2009 var tæpur þriðjungur alls tónleikahalds á landinu klassískir tónleikar eins og áður kom fram og rúm 40% þátttakenda í rannsókninni um menningarneyslu Íslendinga höfðu sótt slíka tónleika. Rúmur fjórðungur þátttakenda í sömu könnun svaraði að þeir hefðu sótt tónleika annarrar tegundar tónlistar, en í þeim flokki voru meðal annars rokk- og raftónlist sem blöðin fjölluðu einnig mikið um.

Allt til ársins 2003 seldust mun fleiri plötur erlendra tónlistarmanna en innlendra. Allar götur síðan hafa mun fleiri íslenskar plötur selst. Eins og kom fram í kafla 2.6 seldust 78.000 erlendar plötur en 301.000 íslenskar árið 2011, sem er 79% af heildarplötusölu það ár. Tónlistarumfjöllun í blöðunum snýr mun oftar að íslenskum tónlistarmönnum en erlendum, en samanlagt hlutfall blaðanna er um 60%. Mun herra hlutfall tónlistargreina í Morgunblaðinu er þó um íslenska tónlistarmenn eða 74%. Spurningin er því sú hvort landinn fari á ákveðna tónleika, eða kaupi ákveðnar plötur af því að hann les um það í fjölmiðlum, eða hvort tónlistarblaðamenn fjalli um þessa hluti því þeir vita hvað lesendur vilja fræðast um, og komum við því aftur að spurningunni um hænuna og eggid.

5.2 Hvar eru konurnar?

Upphaflega var ekki ætlunarverk höfundar að tileinka svo stóran hluta ritgerðarinnar málefnum kvenna í tónlistarumfjöllun blaðanna, fyrr en hann sá svart á hvítu hversu lítið er fjallað um konur í tónlist. Þó svo að í meirihluta tónlistarumfjöllunar komi bæði kynin við sögu er sláandi mikill munur á fjölda tónlistargreina sem aðeins er fjallað um karla og aðeins fjallað um konur. Nýlega birtist heilsíðugrein í Fréttablaðinu um skoðanakönnun þar sem valinn var besti núlifandi tónlistarmaður á Íslandi. Einungis ein kona komst í eitt af tíu efstu sætunum og var það Björk Guðmundsdóttir sem náði fjórða sætinu. Næsta kona kom ekki aftur fyrr en í 17. sæti, sem var Hera Björk og Lay Low kom á eftir henni í 23. sæti (Freyr Bjarnason, 2013). Höfundi þykir sláandi að einungis þrjár konur komist á lista yfir 23 bestu núlifandi tónlistarmenn á Íslandi. Hvar eru til dæmis Andrea Gylfadóttir, Emiliana Torrini,

Diddú, Ragnheiður Gröndal og Ellen Kristjánsdóttir? Velta má fyrir sér hvort þessar tölur endurspegli ekki að einhverju leyti umfjöllun fjölmiðla um íslenska tónlistarmenn. Eins og margoft hefur komið fram er umræða um konur í tónlist talsvert minni en um karlkyns kollega þeirra. Að undanfögnu hafa fjölmiðlar vart haldið vatni yfir nýstirninu Ásgeiri Trausta sem var í öðru sæti á listanum yfir bestu núlifandi tónlistarmenn Íslands. Mugison eða Örn Elías Guðmundsson er af og til í umræðunni, hvort sem það er varðandi plötur sem hann gefur út, tónleikaferðalög eða þátttöku hans í tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður. Mugison var kosinn besti núlifandi tónlistarmaður á Íslandi. Athyglisvert er að skoða niðurstöður þessarar könnunar með 100 bestu plötur Íslandssögunnar til hliðsjónar. Í sætum 1.-13. eru sex plötur þar sem konur koma við sögu. Í 3. og 10. sæti sitja plötur með Spilverki Þjóðanna með Diddú innanborðs. Í 6. og 7. sæti er tvær plötur Bjarkar og Emilíana Torrini á plöturnar í 11. og 13. sæti. Mugison sést ekki á þessum lista fyrr en í 19. sæti (Jónatan Garðarsson & Arnar Eggert Thoroddsen, 2009).

Af þeim 594 nemendum sem stunduðu nám í tónlistarskólum á framhaldsskólastigi er fjöldi kvenna 361 eða rúm 60% (Hagtíðindi – skólamál, 2012). Hvað verður þá um þessar konur? Í aðeins 1% af umfjöllun um rokktónlist var einungis fjallað um konur en í hátt í 70% einungis um karla. Það er trú rannsakanda að hlutfall kvenna í tónlistargreinum muni aukast á komandi árum. Ýmislegt bendir til þess. Til að mynda kom fram í Fréttablaðinu að óvenju margar stúlkur tækju þátt í Mússíktílaunum þetta árið eða 21 („Óvenju margar stelpur spila“, 2013). Ekki nóg með að hlutfall kvenna í keppninni í ár hafi verið óvenju hátt, heldur virðist vera að færast í aukana að þær hljómsveitir sem sigri keppnina séu með konur innanborðs. Fyrsta sigurhljómsveit Mússíktílauna með konur innanborðs voru Dúkkulísurnar sem unnu árið 1983. Níu ár liðu þangað til hljómsveit með konum vann aftur og var það hljómsveitin Kolrassa krókríðandi. Tólf ár liðu svo þangað til Mammút vann tilraunirnar árið 2004 og árin 2010, 2011 og 2013 unnu hljómsveitir með konum innanborðs, nú síðast dúettin Vök („Fáar stelpur í sigurhljómsveitum“, 2013).

Rannsakandi man þegar hann rak augun í fréttir af rokksumarbúðum fyrir ungar stelpur sem voru fyrst haldnar árið 2012. Fyrsta hugsun sem kom upp var sú hversu frábært og þarft framtak þetta væri og hver veit nema hlutfall kvenna í tónlistarumfjöllun væri hærra ef þessar sumarbúðir hefðu spröttið upp áratugi fyrr eða svo. Þessar sumarbúðir voru ætlaðar stelpum á aldrinum 12-16 ára og stóðu yfir í fjórar vikur. Í sumarbúðunum æfðu 35 stelpur í 7 hljómsveitum undir leiðsögn hljóðfærakennara. Í lok sumarbúðanna voru haldnir tónleikar

fyrir fullu húsi (Stelpur rokka, á.á.). Höfundur trúir ekki öðru en að með þessu átaki muni konum í hljómsveitum fjölga og þar af leiðandi muni umfjöllun um tónlistarkonur aukast á síðum blaðanna.

5.3 Lokaorð

Nunes (2009) bendir á að tónlistarblaðamenn og gagnrýnendur þjóni ýmsum tilgangi. Í fyrsta lagi þurfa þeir að sinna þörfum tónlistarneytenda sem vilja fá fréttir af nýjustu plötum og væntanlegum tónleikum. Í öðru lagi þjóna þeir þörfum tónlistariðnaðarins sem vill að fjallað sé um nýjustu plöturnar svo þær seljist. Í þriðja lagi þjóna þeir fjölmiðlunum sem þeir vinna fyrir og þurfa þess vegna að fjalla um hluti sem vekja athygli og áhuga sem flestra lesenda og í fjórða lagi þurfa þeir að fjalla um tónlist sem þeir sjálfir hafa ástríðu fyrir.

Auðvitað er aldrei hægt að sinna þörfum allra lesenda en miðað við samanburðinn hér að framan um tónlistarumfjöllun blaðanna og tónlistarneyslu landans telur höfundur þörfum flestra vera fullnægt. Plötuumfjöllun er næst algengasta umfjöllunarefnið af tónlistargreinum svo tónlistariðnaðurinn ætti að vera nokkuð sáttur. Almennigur les enn blöðin í tölverðum mæli svo þörfum fjölmiðlana sjálfra virðist einnig vera fullnægt. Af og til sjást í menningarsíðum blaðanna tónlistargreinar um hljómsveit eða tónlistarmann sem er mjög lítt þekktur og eina skýringin á því virðist vera sú að blaðamaðurinn sjálfur hafi brennandi áhuga fyrir þeirri tónlist, sem fullnægir þar af leiðandi hans eigin þörfum.

Þegar horft er til baka hefði ýmislegt getað verið gert öðruvísi við gerð þessarar rannsóknar. Þar mætti helst nefna úrtakið. Úrtakið var eins og áður hefur komið fram janúarmánuðir árána 2007 og 2013 og það val hefur verið rökstutt. Hins vegar má velja því fyrir sér hvort aðrar niðurstöður hefðu fengist ef teknir hefðu verið nokkrir dagar í öllum mánuðum ársins. Þá hefðu stórar tónlistarhátíðir ekki haft jafn mikil áhrif á niðurstöðurnar. Orðræðugreining hefði verið annar spennandi valkostur. Rannsakandi hefði þá getað skoðað til dæmis umfjöllun um konur og hvort orðræðan sé svipuð og Nunes (2009) benti á, að umfjöllun um tónlistarkonur beinist oftast að útliti þeirra og fjölskylduhögum frekar en að tónlistinni sjálfri. Er tónlist tónlistarkvenna metin að verðleikum eða er áherslan önnur? Einnig hefði verið hægt að skoða afskipti tónlistariðnaðarins af tónlistarumfjöllun blaðanna. Leita tónlistarblaðamenn að upplýsingum sjálfir eða reiða þeir sig á upplýsingar frá plötuútgefendum og tónleikahöldurum til að fylla síður blaðanna og gegna þannig frekar hlutverki auglýsenda. Eitt er víst að rannsóknarmöguleikarnir eru ótal margir en markmið þessarar rannsóknar var að

rannsaka hvort munur væri á tónlistarumfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðsins og telur höfundur það ætlunarverk hafa tekist.

Heimildir

Adler, R. og Rodman, G. (2003) *Understanding human communication*. (8. útg.) New York: Oxford University Press

Andrea Dofradóttir, Ásdís A. Arnalds, Guðlaug J. Sturludóttir og Friðrik H. Jónsson (2010). *Íslensk menningarvög: Könnun á menningarneyslu Íslendinga*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Ágúst Einarsson (2008). The economic impact of public cultural expenditures on creative industries under increasing globalization. *Bifröst journal of social science*, 2, 27-46. Skoðað 13. febrúar 2013 á <http://bjss.bifrost.is/index.php/bjss/article/viewFile/18/41>

Ágúst Einarsson (2012). *Hagræn áhrif tónlistar*. Háskólinn á Bifröst: Borgarbyggð.

Bertrand, I. og Hughes, P. (2005). *Media research methods*. New York: Palgrave

Bræðslan (á.á.). Skoðað 25. mars 2013 á <http://braedslan.is/>

Capacent (2013). *Fjölmiðlar*. Skoðað 11. mars 2013 á <http://www.capacent.is/default.aspx?pageid=8fef027a-43d1-4f90-8083-81b5768fffe0>

Eygló Árnadóttir, Valgerður Anna Jóhannsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2010). *Konur og karlar í fjölmiðlum. Ísland í alþjóðlegri fjölmiðlavöktun*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Eyrún Eva Haraldsdóttir (2012). *Menning til umræðu. Birtingarmyndir íslenskrar listmenningar í dagblöðum*. Óútgefin meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands, Reykjavík.

Fáar stelpur í sigurhljómsveitum (2013, 26. mars). *Fréttablaðið*, bls. 30.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands (á.á.). *Rannsóknir*. Skoðað 13. febrúar á <http://www.fel.hi.is/adferdir>

Freyr Bjarnason (2013, 13. apríl). Mugison bestur á Íslandi. *Fréttablaðið*, bls. 22.

Gestur Guðmundsson (1990). *Rokksaga Íslands: frá Sigga Johnnie til sykurmolanna 1955-1990*. Reykjavík: Forlagið.

Hagstofa Íslands (á.á. -a). *Hljóðrit: útgáfa 2008*. Skoðað 5. Mars 2013 á <http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=4541>

Hagstofa Íslands (á.á. -b). *Sala hljóðrita í eintökum 1991-2011*. Skoðað 5. mars 2013 á <http://hagstofa.is/?PageID=2605&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MEN08104%26ti=Sala+hlj%F3%F0rita+%ED+eint%F6kum+1991%2D2011++++%26path=../Database/menning/hljodrit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/hlutfall,%20%/%E1%20%EDb%FAa>

Hagstofa Íslands (á.á. -c). *Tónleikahald eftir tegund og landshlutum 1995-2009*. Skoðað 6. mars 2013 á <http://hagstofa.is/?PageID=2605&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MEN05201%26ti=T%F3nleikahald+eftir+tegund+og+landshlutum+1995%2D2009++++%26path=../Database/menning/tonlist/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/hlutfall,%20%/%E1%20%EDb%FAa>

Hagtíðindi - skólamál (2012). 97. árgangur nr. 1. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Harpa (á.á.). *Eigendastefna*. Skoðað 13. mars 2013 á <http://new.harpa.is/harpa/fyrirtaekid/eigendastefna>

Iceland Music Export (á.á.). *Festivals and events*. Skoðað 25. febrúar 2013 á <http://www.icelandmusic.is/live/festivals/>

Iceland Music export (2013). *200 gigs abroad in March!*. Skoðað 10. mars 2013 á <http://www.icelandmusic.is/music/news/200-gigs-abroad-in-march/1188/>

- Janssen, S. (1999). Art journalism and cultural change: The coverage of the arts in Dutch newspapers 1965-1990. *Poetics*, 26(5-6), 329-348. Skoðað 10. janúar 2013 á <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0304422X99000121>
- Jónatan Garðarsson og Arnar Eggert Thoroddsen (2009). *100 bestu plötur Íslandssögunnar*. Reykjavík: Sena.
- Kumar, R. (2011). *Research methodology*. (3. útg.) London: Sage
- Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young. (2011). *Towards Creative Iceland: building local, going global*. Reykjavík: Íslandsstofa
- Mayhew, E. (1999). Women in popular music and the construction of “authenticity”. *Journal of interdisciplinary gender studies*, 4(1). Skoðað 14. mars 2013 á http://www.newcastle.edu.au/Resources/Schools/Humanities%20and%20Social%20Science/JIGS/JIGSV4N1_63.pdf
- McCombs, M. (2005). A look at agenda-setting: past, present and future. *Journalism studies*, 6(4). Skoðað 2. mars 2013 á <http://users.ipfw.edu/tankel/PDF/McCombsAgendaSetting.pdf>
- McQuail, D. (2010). *McQuail's mass communication theory* (6. útg.) London: Sage
- Nefnd um konur og fjölmiðla (2001). *Álit og tillögur*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Noyer, P.D. (ritstj.). (2003). *The illustrated encyclopedia of music*. London: Flame Tree Publishing.
- Nunes, P. (2004). *Popular music and the public sphere: The case of Portuguese music journalism*. Óútgefin doktorsritgerð, University of Stirling, Stirling. Skoðað 27. desember 2012 á https://dspace.stir.ac.uk/bitstream/1893/24/1/Nunes_Thesis_Complete.pdf
- Óvenju margar stelpur spila (2013, 15. mars). *Fréttablaðið*, bls. 28.

Randall, D. (2011). *The universal journalist* (4. útg.). London: Pluto Press.

Rannveig Traustadóttir (2003). Femínískar rannsóknir. Í Kristján Kristjánsson og Sigríður Halldórsdóttir (Ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (1. útg., bls. 267-277). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Rúna Esradóttir (2013). *Fyrstu atriði hátíðarinnar 2013 kynnt!* Skoðað 25. febrúar 2013 á http://aldrei.is/frettir/Fyrstu_atridi_hatidarinnar_2013_tilkynnt/

Schmutz, V. (2009). Social and symbolic boundaries in newspaper coverage of music, 1955-2005: Gender and genre in the US, France, Germany and the Netherlands. *Poetics*, 37(4), 298-314. Skoðað 27. desember 2012 á <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0304422X09000230>

Sigurlína Davíðsdóttir (2003). Eigindlegar eða megindlegar rannsóknaraðferðir. Í Kristján Kristjánsson og Sigríður Halldórsdóttir (Ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (1. útg., bls. 219-236). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Stelpur rokka (á.á.). *Rokksumarbúðir 2012*. Skoðað 15. mars á <http://www.stelpurrokka.org/rokksumarbudir-2012/>

Stokes, J. (2013). *How to do media and cultural studies*. (2. útg.) London: Sage

Tómas I. Olrich (2001). *Menningartengd ferðaþjónusta*. Reykjavík: Samgönguráðuneytið.

Wimmer, R.D. og Dominick, J.R. (2011). *Mass media research: An introduction* (9. útg.) Boston: Wadsworth